



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Langholt

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat	4
3.1 Furðuland	4
3.2 Dvergaland	9
3.3 Lundur	16
3.4 Skáli.....	23
3.5 Álfaland.....	28
3.6 Undraland	36
3.7 Bláaland	44
3.8 Gulaland	47
3.9 Rauðaland.....	52
4 Innra mat sérkennslu.....	57
5 Innra mat – fjöltyngd börn	59
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	60
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	60
8 Foreldrasamvinna.....	60
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	61
10 Fylgigögn.....	61
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	61
10.2 Fylgiskjal 2 Leikskóladagatal Langholts.....	61



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólastarf á Covid tímum er búið að vera sannkölluð rússíbanareið.

Aðlögun barna fór fram með öðrum hætti en við hefðum óskað og söknuðum við þá helst þátttökuaðlögunar með foreldrum. Við gerðum okkar besta til að mæta þörfum allra við þessar aðstæður. En góð tengsl eru einn að grunnþáttum vellíðunar barna í leikskólanum. Haustið fór annars ágætlega af stað og kennarar skólans lögðu áherslu á að halda úti metnaðarfullu og faglegu starfi. Þrátt fyrir það ástand sem ríkti í þjóðfélaginu á þeim tíma.

Valborg sagði upp starfi sínu sem leikskólastjóri og lauk störfum rétt fyrir áramót. Valborg starfar nú sem fagstjóri leikskólahluta í Norðurmiðstöð.

Sigrún Bragadóttir áður aðstoðarleikskólastjóri tók við starfinu frá áramótum. Á þeim tíma skall covid á leikskólann og við þurftum að loka deildum og senda í sóttkví nánast allan janúar og febrúar mánuð. Þessir fyrstu mánuðir í starfi voru því sannkölluð eldskírn. Starfið hefði aldrei gengið upp nema með öllu því frábæra fólki sem hér vinnur. Hér hafa allir verið tilbúnir að leggja á sig aukna vinnu og aukið álag til að börn geti komið og átt sinn dag hér í öruggu og góðu umhverfi. Hér hefur starfið einkenst af jákvæðni og lausnamiðaðri hugsun. Einnig hafa foreldrar sýnt mikið æðruleysi og staðið við bakið á okkur og það ber að þakka.

Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og fjölmennur. Í honum býr mikil reynsla og tækifærin eru mörg. Mikilvægt er að hlúa vel að starfsmönnum og mæta þörfum þeirra og áhugasviði svo að öllum líði sem best og nái að blómstra.

Þegar litið er til baka yfir veturinn er frábært að sjá hvað margt hefur verið gert þrátt fyrir krefjandi aðstæður. Við horfum spennt til komandi skólaárs og vonumst til að geta haldið áfram að þróa leikskólastarfið í Langholti.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Ytra mat

Veturinn var að mörgu leiti öðruvísi en við erum vön, það sem við munum skoða betur næsta vetur og setja inn í umbótaáætlun lúta helst að upplýsingaflæði bæði hér innan skólans.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

3 Innra mat

3.1 Furðuland

Veturinn 2021 -2022 voru á Furðulandi 26 börn öll fædd árið 2016 13 stelpur og 13 strákar.

Læsi

Lubbastundir eiga sinn fasta sess 1x í viku í Hringekju. Í Hringekjunni eru fjórar stöðvar í 20 mínútur á hverri stöð: Lubbastund þar sem farið er í íslensku málhljóðin, málörvun þar sem er farið er í ýmsa leiki, spilað, rætt saman, unnið með texta, orð og vísur og leyst verkefni, stærðfræði þar sem börnin læra um tölur, talnagildi, form og stærðir og skapandi fínhyfingavinna í Hreiðri eins og að klippa, teikna, mála, perla, púsla og líma.



Styrkleikar: Þessar stundir eru markvissar og börnin eru mjög móttækileg og sýna mikinn áhuga bæði í stundunum, í öðrum verkefnum og í leik. Hver kennari er með sitt



sérsvið/áhugasvið í hringekjunni og getur þannig fylgt betur eftir framförum og markvissari vinnu með hópnum. Sögustundir eru



alla daga strax eftir hádegismat. Við höfum skipt hópnum eftir getu, okkur finnst það skila betri stundum þar sem viðfangsefnið er miðað við skilning og þroska barnanna. Notumst mikið við samræðulestur og erum að lesa lengri framhaldssögur fyrir þau sem eru komin lengra í skilningi og orðaforða en styttri og einfaldari fyrir börn sem þurfa að auka skilning og orðaforða.

Allt ritmál er mjög sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir, hópaskiptingar og hlutir ásamt öllu leikefni, börnin hafa alltaf gott aðgengi að bókum, pappír, tímaritum, skærum, lími og skriffærum. Læsið tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og t.d. í útinámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt.

Við höfum farið á bókasafnið í sögustundir þar sem bókasafnsverðirnir lesa fyrir okkur bækur og sýna myndirnar úr bókunum á stórum skjá upp á vegg.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin lærðu lög og texta eftir Ladda frá janúar og fóru á æfingu í Tónskóla Sigursveins í mars og fluttu svo lögin í apríl í Eldborgarsal Hörpu. Það gekk mjög vel og við vorum ótrúlega stolt af börnunum.



Tækifæri til umbóta: Heilt yfir erum við mjög ánægðar með hvernig gekk í vetur. Okkur tókst að ná nánast öllum þeim markmiðum sem við settum okkur. Við getum þó alltaf gert betur og þá helst í sambandi við Lubba. Okkur hefur ekki tekist nógu vel að nota Lubba námsefnið meira inn í daglegu starfi. Því munum við setja það inn í umbótaáætlunina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi		Hafa málhljóð vikunnar sýnilegra. Syngja ljóðin við málhljóðið í söngstund alla vikuna. Hafa orð og stafi sýnileg fyrir foreldra.	Allir á deild en deildarstjórni ber ábyrgð á að gera verkefni og námsefni tengt Lubba	Að Lubbi verði meira í notkun í daglegu starfi.	Maí 2023	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Börnin læri Lubba vísurnar og orðin sem koma fyrir í textanum og við höfum ákveðið að nota í orðaspjall og hafa orðin sýnileg fyrir foreldra.

Útinám

Farið er í útinám í hverri viku. Við höfum verið í samstarfi við Grasagarðinn og Húsdýragarðinn þar sem börnin hafa sótt fræðslu um plöntur, húsdýrin, skordýr og fleira. Við höfum farið í fuglaskoðun, heimsótt Þvottalaugarnar í Laugardalnum, skoðað náttúruna í gegnum stækkunargler, aðventustund í Kaffi Flóru, heimsótt leikvelli hverfisins, heimsótt Voga- og Langholtsskóla, farið á listasafn Ásmundar Sveinssonar og notið þess að fara í leiki og hreyfa okkur í náttúrunni, leikhúsferð og margt, margt fleira.

Styrkleikar: Útinámið hefur gengið vel og við höfum reynt að tengja það saman við vinnuna inn á deildinni.

Tækifæri til umbóta: Við erum heilt yfir mjög ánægðar með hvernig útinámið hefur gengið í vetur og okkur hefur tekist að tengja það vel inn í daglegt starf. Næsta áskorun er að nota Lubba meira og tengja máhljóð vikunnar í útinámið.

Íslenska sem annað mál

Allir starfsmenn hafa verið virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin með 10. mín. regluna bak við eyrað. Á deildarfundum höfum við sett okkur markmið og rætt hvaða börn þarf sérstaklega að einblína á hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og upplifi sig örugg til að tjá sig. Mætum vera duglegri að skrá niður.



Styrkleikar: Við lesum á hverjum degi fyrir öll börn, höfum rýnt í barnahópin og reynt að skipta þeim eftir því hvar þau eru stödd hverju sinni. Börn sem hafa þurft að auka orðaforða hafa fengið auka stundir í málörvun þegar því hefur verið við komið.

Tækifæri til umbóta: Þrátt fyrir að við höfum verið meðvitaðar um að nota 10 mínútu regluna og ákveðið hvaða börn skal efla hverju sinni höfum við ekki verið nógu duglega að skrá niður hvenær við tölum við börnin eða framfarir. Það er verkefni næsta skólaárs.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	------------------------	------------------------	--------	-------	-------	----------------------------	----------------------

Lubbi	Að Lubbi verði meira í notkun í daglegu starfi.	Hafa máhljóð vikunnar sýnilegra. Syngja ljóðin við máhljóðið í söngstund alla vikuna. Hafa orð og stafi sýnileg fyrir foreldra.	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að gera verkefni og námsefni tengt Lubba	Sept.2 022	Maí 2023	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Börnin læri Lubba vísurnar og orðin sem koma fyrir í textanum. Við höfum ákveðið að nota í orðaspjall og hafa orðin sýnileg fyrir foreldra.
-------	---	---	--	------------	----------	---------------------------------	---

Frjáls leikur

Frjálsi leikurinn er aðal námsleið barnanna og hefur verið í mikilli þróun í vetur. Við sjáum miklar framfarir þar sem leikurinn hefur dýpkað mikið og allir eru virkir þátttakendur og við kennararnir eru tilbúin að grípa inn ef þörf krefur að leiðbeina. Þegar við leikum inni leggjum við áherslu á að tekið sé saman og gengið frá dóti áður en nýtt leikefni er tekið fram. Leikurinn hefur gengið vel hjá börnunum bæði úti og inni, ekki mikið um árekstra og flæði hefur verið gott. Í vor hefur verið mikill áhugi á að spila á spil. Við höfum haft allt upp í fimm spilastokka í gangi í einu og þá hefur verði spilað á hinum ýmsu stöðum á deildinni.

Styrkleikar: Hver starfmaður á ákveðið svæði í einn mánuð til að fylgjast með leiknum og hafa umsjón yfir. Við höfum markvisst verið að passa upp á að vera á svæðinu okkar og fylgjast vel með leiknum.

Samverustundir

Höfum verið með eina stóra samverustund á morgnana þar sem við fáum okkur ávexti og leggjum drög að deginum og ræðum ýmis málefni, hvaða dagur er, mánuður, ár, veður, klæðnaður og það sem er fram undan og svo er



söngstund fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum og leggjum inn texta og lög: Barnamenningarhátíð, jól, árstíðir, þulur og fleira. Það hefur gengið vel. Við höfum einnig notað samverustundir til að ræða saman ef einhver ágreiningsmál koma upp sem gott er að ræða í hópnum.



Framsögn



Öll börnin hafa verið með framsögn í vetur. Þau koma með hlut að heiman og segja börnunum frá hlutum og svo hefur verið gefinn tími fyrir spurningar. Börnin sem eru með framsögnina æfa sig í að tala fyrir hóp á meðan hinir æfa sig í að hlusta. Við gerum skráningu sem fer svo í ferilmöppu.

Endurmat á starfi vetrarins: Við erum mjög ánægðar með veturinn þrátt fyrir erfiðan covid og veikinda tíma frá áramótum og fram í mars. Okkur finnst við hafa náð að fylgja vel eftir okkar markmiðum og áherslum í starfi. Við höfum unnið vel saman og það hefur ríkt góður andi á deildinni, við höfum fundið vel fyrir því að börnum var fjölgað aftur í vetur á deildinni sem hefur verið áskorun eftir að fækkaði verulega á deildum síðustu tvö ár. Við skynjum miklar framfarir hjá börnunum og samkvæmt broskalla mati barnanna á starfinu virðist þeim líða vel og eru ánægð í leikskólanum. Nú höfum við bæði skipt hópnum í þrjá og fjóra hópa í hringekjunni. Það er bæði kostir og gallar við það. Kostirnir í vetur eru að börnin eru færri í hóp þegar skipt er í fjóra hópa og því betra að vinna með hópana. En þegar skipt er í þrjá hópa þá ná þau frekar að halda einbeitingu allan tímann. Við settum okkur nokkur markmið um færni sem við vildum að börnin væru búin að ná þegar þau færu frá okkur og þeim markmiðum höfum við að mestu náð. Þetta eru til dæmis: heimaþekking eins og afmælisdagur, heimilisfang og nafn foreldra. Fínhreyfingar eins og að klippa, skrifa nafnið sitt, perla og rétt grip. Þekking stafi og málhljóðin.

Einnig höfum við verið að vinna með talnaskilning og afstöðuhugtök. Þegar við drögum þetta saman þá erum við mjög ánægð með veturinn og okkur finnst börnin hafa tekið miklum og góðum framförum og þroska. Við þurfum þó enn að vera markvissari í skráningu á 10. mín reglunni og að nota Lubba meira í daglegu starfi. Markmiðin fyrir næsta skólaár er að halda áfram því góða starfi sem við höfum náð að vinna í að þróa í vetur og höfum ákveðið að halda þessari vinnu áfram. Við ætlum að efla okkur í notkun 10 mín reglunni og koma Lubba enn meira inn í daglegt starf.

Eftir samtöl við foreldra er mjög mikil ánægja með starfið og hafa þeir tekið eftir framförum barna og að fræðslan og áhuginn á því sem við höfum verið að gera hefur skilað sér heim.

3.2 Dvergaland

Í fyrsta skipti á Dvergalandi var hreinn árgangur, 26 börn, fædd 2016. Oftast hefur Dvergaland verið blönduð af elstu og næstelstu börnum. Þessi breyting fannst starfsfólkinu jákvæð, skipulag og framkvæmd starfsins á deildinni var einfaldara, öll börnin tóku þátt í sömu verkefnum sem gerði að verkum að auðveldara var að fylgja áætlunina og ná settum markmiðum.

Útinám

Barnahópurinn fór saman í útinám einu sinni í viku og það gekk mjög vel. Útinámsstjórinn (starfsmaður á Furðulandi – elstu barna deildin við hliðina á) hélt mjög vel utan um skipulagningu, hún kom oft á morgunfundi, áður en lagt var af stað, ræddi við börnin um markmið ferðarinnar og hún útskýrði reglur á skemmtilegan hátt. Á meðan útinámið stóð þá lánaði Dvergaland starfsmann á Furðulandi í staðinn fyrir útinámsstjóran. Börnin voru mjög áhugasöm, voru mjög virkir þátttakendur í öllum verkefnum sem lögð voru fyrir þau og höfðu virkilega gaman af útináminu. Við sáum greinileg framför á úthald þeirra eftir áramót. Útinámið eftir áramót (tímabilið janúar – mars 2022) datt frekar oft niður vegna veðurs eða veikindi starfsfólks en við reyndum að bæta það upp um vorið.



Flottar og skemmtilegar skráningar voru gerðar eftir hverja ferð. Ljósmyndir voru teknar í hverri ferð og Sway hlekkur með myndum var sendur heim í föstudagspóstunum ásamt ferðasögunni. Foreldrar átti orð á því hvað þeim fannst ánægjulegt að fylgjast með í gegnum ljósmyndum og ræða við börnin heima. Ljósmyndir eru mjög góð skráningaraðferð.

Markmiðið með útináminu var að tengja útinámið við starfið á deildunum, að börnin gætu notið sín í útiveru og lært að meta umhverfið sitt. Einnig var lögð áhersla á læsi í víðum skilning, samræður, samvinnu og umhverfisvitund. Tenging við starfið var ekki nógu öflug á Dvergalandi. Úrvinnsla úr ferðum var ekki nægilega markviss á Dvergalandi.

Tækifæri til umbóta: Mikilvægt er að bæta úr því með markvissari úrvinnslu þar sem verkefni, lög og þulur eru jafnvel fyrir fram ákveðin og í tengslum við þau þemu sem unnið er með að hverju sinni í útináminu. Þrátt fyrir að útinámsstjórinn á Furðulandi skipuleggi og sjái um útinámið fyrir hópinn, væri gott að starfsmaður á Dvergalandi bæri ábyrgð á allri úrvinnslu ásamt því að tengja markmið útinámsins hverju sinni við daglegt starf á deildinni. Það lítur út fyrir það Dvergaland verði aftur blönduð deild skólaárið 2022-2023 þar sem flest börn eru næst yngst en færri elst. Það þarf að skipuleggja starfið með það í huga og bæta við TBR ferðum og ferðum í heimilisheimsóknir fyrir næst elstu börnin.

Íslenska sem annað mál

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Ætlunin var að lesa bækur fyrir börnin í litlum hópum á hverjum degi, setja orða á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi, nota 10 mín regluna ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Ákveðið var í haust að skipta hópnum eftir getu í leshópa en ekki hafa endilega matarhópana í lesstundum. Það var gert og gekk mjög vel, 2 leshópar voru búnir til eftir getu og 1 lítill hópur til viðbótar (2-4 börn) var tekinn til hlíðar til að efla málörvun og félagsfærni þeirra en allir starfsmenn á deildinni sáu um þessar auka stundir.

Tækifæri til umbóta: Starfsmenn deildarinnar voru oftast meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum. Lesið var daglega fyrir öll börn í 2 hópum og bækur voru valdar eftir hæfi og áhuga barna. Einnig var oft lesið í sófanum á meðan morgunmatur stóð og börnin sem höfðu áhuga settust niður og hlustuðu á sögu. Það væri gott að halda auka sögustund á meðan eða eftir kaffitíma barnanna (ef starfsmannafjöldinn leyfir) og bjóða þeim börnum sem hafa áhuga að vera með.

10 mín reglan

Gekk ekki nógu vel yfir allt skólaárið. Mikilvægt er að hafa hana í huga þar sem hún á það til að gleymast. Það þarf að leggja áherslu á að skrá á blað sem er sýnilegt og starfsfólkið á að

hjálpast að og minna hvort öðru að innleiða 10 mín. og muna eftir skráningu. Þau börn sem sækja almennt meira í samskipti við starfsmenn fengu oftár málörvun heldur en þau börn sem halda sig meira til hlés og sækja síður í samskipti við starfsmenn.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10.mín reglan	Að festa 10.mín. í daglegu rúttinu allra á deildinni.	Að gera skráninguna skilvirkari.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept.	maí	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og ákveður saman hvaða börn þurfa þessa reglu að halda mest.	Að barnið verði virkara og öruggara í barnahópnum ásamt því að bæta málþroska og orðaforða þess.

Læsi

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, meðal annars málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í daglegu starfi. Öll börn fara í sögustundir/samverustundir á hverjum degi og lesið er börnin minnst einu sinni á dag. Börnunum eru kenndar flóknari þulur/söngtextar og lögð er áhersla á læsis hvetjandi umhverfi á deildinni. Eldri börnin fá að halda framsögn einu sinni yfir árið á meðan eru yngri börnin með minni og öðruvísi framsögn sem tengist bangsaheimsókninni yfir eina helgi. Öll börnin æfa framsagnahæfni með því að standa fyrir framan hóp af börnum og kennurum og segja frá hlut, upplifun eða annað sem tengist hverju barn í hverju sinni ásamt því að svara spurningum úr hópnum.

Lesið var fyrir öll börn í litlum hópum á hverjum degi eftir hádegismatinn og var það undantekning ef svo var ekki gert. Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, ríma, klappa atkvæði og setja saman orð. Einnig voru lesnar bækur, lög sungin og farið með vísur. Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

TRAS: Í haust var haldið TRAS námskeið fyrir þá sem hafa ekki farið áður og ákveðið var að allir deildarstjórar taki Tras könnun fyrir öll börnin á deildinni. Á Dvergalandi var Tras könnun gerð fyrir yngri hópinn. Tras er mjög góð leið til að þekkja börnin betur og kanna hvar þau eru stödd. Unnið er með niðurstöðurnar og börnin prófuð tvísvar á ári.

HLJÓM: Deildarstjórnir á elstu deildunum fóru á Hljóm námskeið og ákveðið var að létta undir hjá sérkennslustjóranum með því að deildarstjórnir taki hluti af Hljóm prófunum á deildinni sinni. Það hefur gengið mjög vel, deildarstjóranum á Dvergalandi fannst gott að öðlast nýja þekkingu og prófa börnin sem gerði að verkum að hann hafði meiri skilningu og betri innsýn í þá þætti sem prófið inniheldur, þættir sem auðveld var að flétta inni í daglega starfið á deildinni.

Hringekja: Einu sinni í viku var Dvergalandi með stöðvavinnu sem heitir Hringekja. Þetta er annað árið í röð sem deildin er með hringekju. Börnum var skipt í 4 hópa (6-7 börn í hóp), hver hópur verður í 20 mín á hverjum stað og unnið verður markvisst með þætti eins og málörvun, hljóðkerfisvitund (*Lubbi finnur málbein*), sköpun, tölur og stærðfræði, fínhyrtingar, spil, hreyfileikir og margt fleira.



Búið var að ákveða að hafa Lubba stund sem part af hringekju sem verður í samvinnu við Furðuland einu sinni í viku (deildarstjórinn á Furðulandi kemur í okkar hringekju og sér um Lubba stundina), en þannig fá börnin að njóta sín á mismunandi stöðvum þar sem starfsfólkið eru að deila með þeim þekkingu og áhugamál sem hver starfsmaður er sterkastur og áhugasamur í.



Hringekjan á Dvergalandi fór af stað mjög vel í haust en hún féll niður nokkur skipti eftir áramót vegna veikinda starfsfólks. Bæði börn og starfsfólk voru spennt og áhugasöm. Hringekjan gefur okkur tækifæri til að kynnst börnunum betur í litlum hópum, starfsfólkið gefur sér meira af börnunum, tekið er eftir hæfileika og áhugasvið þeirra en einnig er tekið efir því sem vantar uppá hjá börnunum (sem gefur okkur hugmynd um þá þætti sem þarf að leggja áherslu á). Þetta er gæðatími kennara og barna sem hefur reynst öllum á deildinni mjög vel.

Gott væri að starfsfólkið taki myndir af starfinu sem unnið er í hringekju til þess að bæta skráninganna og safna hugmyndum sem nýtast á næstu árum.

Framsagnir: hjá eldri gengu mjög vel, börnin styrktust í að segja frá, lærðu mikilvægan þátt að hlusta, þau urðu öruggari með sér, fengu að vera í sviðsljósi í eitt dag og yfir heildina voru þau mjög spennt og áhugasöm bæði í að segja frá og að vera áhorfandi og fá að spyrja spurningar.



Tækifæri til umbóta: Heilt yfir gekk ágætlega að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Starfsfólkið þarf að skipuleggja betur samverustundir áður en þær byrja, gott að hafa efni nálægt svo það þurfi ekki að leita og finna efni áður en samveran byrjar, það mátti koma með fleiri lög og fjölbreyttari þulur. Gott að hafa í huga að hafa fleiri leiki eða annað sem gerir samveruna áhugaverðara og meira spennandi fyrir börnin.

Það hefði mátt vinna markvissara með Lubba til dæmis fletta hljóð og tákn meira í daglegu starfi. Jafnvel væri gott að senda allt starfsfólkið á námskeið til að auka þekkingu og áhuga á Lubba efninu.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að Lubbi verði notaður miklu meira í daglegu starfi.	Að gera málhljóð vikunnar virkara, fletta það í daglegu starfi, til dæmis samverum og kaffitímar.	Allt starfsfólkið á deidinni en deildarstjóri heldur utan um þessa vinnu og ber ábyrgð.	Sept	Mai	Á deildarfundum	Börnin læri Lubba táknin, hljóðið og venjast því að nota þau meira daglega. Að það verði skemmtilegt og gaman.
Hringekja	Hringekjan verði fjölbreytari og að hún detti ekki jafn oft niður..	Með því að búa til nýja stöðvar og reyna að sleppa henni ekki þó það vanti fólk, með því að stækka hópana.	Allt starfsfólkið á deidinni en deildarstjóri heldur utan um þessa vinnu og ber ábyrgð	Sept	Mai	Á deildarfundum	Börnin læri að takast á við nýjar áskoranir, læra nýja hluti og hafi gaman.

Sjálfræði og lýðræði

Í vetur höfum við einnig lagt áherslu á að efla sjálfstæði og lýðræði barna með því gefa þeim meira svigrúm til að velja og taka eigin ákvarðanir með þeim markmiðum að börnin taki meira ábyrgð á eigin athafnir, verði sjálfsöruggari og ánægðari. Helstu breytingar á okkar deild í vetur voru tvær: í fyrsta lagi höfðu börnin val um sæti við matarborðið sem þau sitja í hádeginu á föstudögum og í öðru lagi máttu þau velja sjálf ferðafélaga áður en við lögðumst af stað í ferðum fyrir utan leikskóla. Áður fyrir var þetta tvennt fyrir fram ákveðið af kennurunum á deildinni.

Einnig höfðu börnin meira val (þegar hægt var) um útiveru (ásamt fataval í útiveru þegar kostur var), eða inniveru, þau fengu oft að ráða hvaða leikefni þau vilja leika með og þau fengu að ráða hvort þau þurfa fara á klósettið eða ekki fyrir útiveru (nema einstök tilfelli var um að ræða). Eftir áramót, fengu börnin stundum að velja hvað er gert í samverustund fyrir hádegismat.

Tækifæri til úrbóta: Þetta hefur gengið ljómandi vel og allir á deildinni bæði börn og starfsfólkið voru mjög ánægð með þessar breytingar. Hins vegar verðum við að bæta okkur í því að börnin meti starfið með kennurunum til dæmis með broskalla aðferðinni sem notuð hefur verið á aðra deild og hefur reynst vel.

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð var haldin í apríl eftir tveggja ára pásu og rúmlega 600 leikskólabörn úr

33 leikskóla tóku þátt og var þetta



samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins. Börnin heiðruðu Ladda með að syngja fjögur af lögum hans en það voru *Ladda syrpa*, *Austurstræti*, *Búkolla* og *Heyrðu mig Halla*. Við byrjum að læra og æfa lögin ásamt hreyfingum í febrúar og gefum

okkur góðan tíma í þetta. Í mars förum við í heimsókn í Tónskóla og æfum lögin með stjórnandanum og hljómsveitinni ásamt fleirum leikskólabörnum. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi verkefni sem börn, starfsfólk og foreldrar njóta en þetta hefur verið fastur líður í elstu barna starfi í Langholti.

3.3 Lundur

Í Lundi eru 13 börn fædd árið 2017, 7 stelpur og 6 strákar. Í haust varð örlítil breyting á barnahópnum frá því í fyrra. 6 yngstu börnin fóru í Skála og fjögur börn komu til okkar frá Undralandi. Tvær stelpur komu frá öðrum leikskólum.

Það sem við höfum lagt áherslu á í vetur er læsi, útinám, íslenska sem annað mál, félagsfærni og sjálfsefning. Við höfum verið að byggja ofan á þá þekkingu sem börnin höfðu fyrir og bæta inn nýrri reynslu í vetur.

Læsi

Sögur og samverustundir eru 2x á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Börnunum í Lundi er skipt upp í 2 lestrarhópa. Lesið er fyrir þau í þessum hópum á hverjum degi. Við reynum að velja bækur sem hentar hverjum hópi. Stundum hafa hóparnir val um 2 mismunandi bækur og þá fer fram lýðræðisleg kosning. Rætt er um innihald bókanna og spurningum varðandi innihaldið svarað.



Bækur eru mjög aðgengilegar í bókaskáp sem snýr fram og skiptum við út reglulega. Við höfum 3 tiltæka bókakassa sem rúlla á milli vikna. Við erum líka duglegar að fara á bókasafnið og sækja okkur nýjar bækur. Við förum í sögustundir á bókasafnið 1x í mánuði. Börnin hlusta á sögur af athygli og biðja oft um sögulestur. Þau koma líka oft með bækur að heiman sem við lesum.

Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum, sem tengist líka inn í útinámið okkar og hringekjuna sem er 1x í viku og reynum við almennt að koma þessu að í daglegu starfi. Við klöppum atkvæði, rímum, tengjum saman orð og tökum í sundur orð. Við æfum okkur að fara eftir fyrimælum af fyrimælaspjöldum og spilum ýmiskonar spil.

Á morgunfundum eru æfðar þulur t.d kalli átti káta mús, klukkurím og lubbavísurnar. Við hefðum mátt vera duglegri að bæta inn nýjum þulum. Gott væri að bæta inn nýrri þulu fyrir hvern mánuð.

Læsishvetjandi umhverfi: Allt sem hægt er að merkja höfum við merkt, s.s. húsgögn og leikföng. Leikföng eru merkt með orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg í sýnilegri hæð barnanna sem og sjónrænt dagsskipulag. Hólf barnanna eru merkt með nöfnum barnanna og forráðamanna þeirra.

Börnin eru dugleg að æfa sig að skrifa og margir farnir að skrifa nafnið sitt án forskriftar. Ferilmöppur barnanna eru mjög aðgengilegar í hæð barnanna og eru mikið skoðaðar.



Lubbi finnur málbein: Lubbi hefur gengið vel en börnin eru að hjálpa hundinum Lubba að læra íslensku málhljóðin. Við erum dugleg að nota beinin í kaffitímanum, þau eru merkt með nöfnum barnanna. Börnin draga bein með nafni og bjóða því barni að koma að drekka. Samveruplássin eru merkt með nöfnum barnanna (Lubbabein) í þeirra hæð. Við æfum táknin, syngjum vísurnar á hverjum morgni, lesum söguna úr Lubbabókinni og gerum stafaverkefni úr málhljóðunum sem við höfum



tekið fyrir. Þau sýna þessu mikinn áhuga og eru dugleg að syngja. Mörg börn eru farin að geta sagt hvaða hljóð er fremst og aftast í orði ef þau eru stöfuð.

Við erum dugleg að nota frásagnir með verkefnum. Þegar börnin vinna verkefni eru þau hvött til að segja frá því sem þau voru t.d. að mála eða teikna og það hengt upp á vegg með listaverkinu. Þau eru hvött til að skrifa stafinn sinn eða nafn ef þau treysta sér til þess til að merkja myndirnar sínar. Börnin þekkja orðið meirihlutann af málhljóðunum.




Hringekja: Í upphafi skólaársins fórum við af stað með hringekju ásamt Skála, Skáli er deild sem er með jafngömum börn og við erum með og eru þessar tvær deildir saman í húsi. Í hringekjunni skiptum við börnunum á þessum 2 deildum í 5 jafnstóra hópa, og blönduðum við barnahópnum þvert á deildir. Í hringekjunni vorum við með málörvun, Lubbastund, fínhyfingar, frjálsan leik og stærðfræði. Hringekjan er einu sinni í viku og eru börnin í 15 mínútur á hverjum stað. Þetta var fyrsti veturinn sem við vorum með hringekju og gekk hún mjög vel. Börnin voru dugleg og áhugasöm um þau verkefni sem fyrir þau voru lögð og biðu þau spennt eftir þriðjudögunum.

Tækifæri til úrbóta: Læsisáætlun gekk almennt mjög vel. Við hefðum mátt vera markvissari í innlögn á þulum. Ætlum því að bæta okkur í því og leggja inn nýja þulu 1x í mánuði. Við hefðum líka mátt vera duglegri að hvetja börnin til að nota skriffæri í kubbum og frjálsum leik og viljum við því bæta úr því á næsta ári.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR		Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-Þulur	Að börnin læri eina þulu í mánuði.	Þula lögð inn í hringekju og samverustund	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept.	Júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fer yfir umbótaráætlun 1x í mánuði.	Aukinn orðaforði og málskilningur.
-Ritun	Hvetja börnin til ritunar í frjálsum leik	Þjóða börnunum liti og blöð í kubbum og hlutverkaleik	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept.	Júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fer yfir umbótaráætlun 1x í mánuði.	Aukinn orðaforði og málskilningur

Útinám

Á hverjum miðvikudegi höfum við farið í útinám. Við völdum okkur tré saman og höfum fylgst með árstíðarbreytingum á því og unnið árstíðarverkefni samhliða því. Tréð er staðsett í Laugardalnum og fórum við einu sinni í mánuði og skoðum það og fylgjumst með breytingum. Við byrjum flestar ferðir á



Því að kíkja á Esjuna og taka stöðuna á veðrinu. Áður en við leggjum af stað förum við yfir útinámsreglurnar sem börnin bjuggu til með kennara á morgunfundi.

Þess á milli höfum við unnið önnur verkefni sem við tengjum okkar daglega starfi, t.d verkefni með tölur, stafi, fjölda, form, rím, atkvæði, lengd og liti. Í þessum ferðum koma börnin með hugmyndir að staðsetningu og þá er tekin



lýðræðisleg ákvörðun, út frá kosningu, á morgunfundi hvert við ætlum að fara. Við vinnum svo úr þessum ferðum þegar heim er komið.

Skráningar með myndum og texta eru unnar eftir hverja ferð, þær hengdar upp í fataklefa þar sem börn og foreldrar geta nálgast þær og rætt sín á milli. Þessar skráningar eru líka sendar heim með tölvupósti í lok hverrar viku. Úthald barnanna hefur aukist til muna og þau hafa alltaf jafn gaman að þessum ferðum.

Í mars bættist við verkefni sem við köllum "Heimilið mitt". Þá förum við í gönguferðir heim til hvers og eins. Hvert barn fær mynd af sér við útidyrhurðina og síðan eina mynd af



öllum hópnum. Þau fá líka sjálf að taka 2 myndir af einhverju við heimili sitt sem þeim þykir áhugavert. Á milli ferða vinnum við síðan verkefni tengd heimilunum. Markmiðið með þessum ferðum er að tengja saman tvo mikilvæga staði í lífi barnsins, leikskólann og heimilið. Ákveðið var að byrja á þessu verkefni þegar mesti snjórinn væri farinn. Ferðirnar hafa gengið vel

og finnst okkur það mikil munur að hafa svo fá börn. Öll heimilisföng með myndum af börnunum eru sett inn á stórt kort af hverfinu sem og myndir af öðrum kennileitum sem þau tengja við. Þetta er mjög sýnilegt í fataklefanum hjá okkur.



Styrkleikar: Útinámið okkar gekk að mestu leyti eftir áætlun. Það var helst veður og færð sem varð til þess að við fórum ekki í ferð. Okkur tókst að tengja það vel starfinu inn á deild og finnst okkur áætlun hafa staðist.

Íslenska sem annað mál

Það er lesið daglega fyrir tvítyngdu börnin í litlum hópum og einstaklingslega þegar þau biðja um það. Við setjum orð á alla hluti og athafnir. Reynum að vera skýrar í tali og endurtökum á réttan hátt.

Fáanar landanna eru uppi og kveðjur á þeirra



tungumáli. Við sjáum miklar framfarir hjá

tvítyngdu börnunum hvað skilning og orðaforða varðar og öryggi í samskiptum hefur aukist til muna.

Í tengslum við tungumálavikuna útbjuggum við spjöld með mismunandi orðum, á þeim

tungumálum sem tvítyngdu börnin í Lundi tala. Börnin völdu sér eitt land af heimskorti og sögðu okkur sögu frá landinu og lituðu það. Einnig teiknuðu þau fána landsins.



Við settum „Góðan daginn“ á gólfið á tungumálum barnanna þar sem gengið er inn á deildina.

Tækifæri til úrbóta: 10.mín reglan er notuð en við þurfum að vera duglegri að skrásetja það og ætlum við að bæta úr því.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10.mín reglan	Að festa 10.mín. regluna í sessi.	Að gera skráninguna skilvirkari	Starfsfólk deildarinnar	Sept.	júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út.	Að barnið verði virkara í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst.

Félagsfærni og sjálfsefning

Í Lundi fá börnin góðan tíma til að leika sér í frjálsum leik.

Börnin fá að velja sér efnivið sem er alltaf aðgengilegur fyrir þau. Börnin eru yfirleitt dugleg að tala sig saman og finna sér leikefni. Tvær stórar mottur eru í stóra herberginu sem þau leika sér á. Börnin geta líka sest við borð til að teikna, spila, leira, púsla eða perla. Við höfum líka annað lítið herbergi í Lundi sem við köllum Hreiður



og þar geta börn líka farið inn með leikefni annað hvort á gólfið eða á borðið. Einhverra hluta vegna höfum við ekki nýtt það herbergi nógu mikið og mættum gera meira af því. Þarf að bæta hljóðvistina þar. Starfsfólk er duglegt að vera til staðar í leiknum, það sest á gólfið hjá börnunum og leiðbeinir ef með þarf.



Í Lundi eru þrír umsjónarmenn vikunnar. Þeir eru veðurfræðingar og borðþjónar. Veðurfræðingar skoða veðrið kl. 9 á morgnana og út frá því taka börnin ákvörðun um klæðnað dagsins með aðstoð kennara. Börnin fara svo inn með fataspjaldið úr fataklefanum og sýna og segja börnunum hvernig veðrið er og hvaða klæðnaður er þann daginn. Myndir af klæðnaði og veðri dagsins er hengt á segultöflu inn á deild þar sem börnin geta skoðað hvenær sem er. Dagskipulagið er líka sýnilegt á segultöflunni. Borðþjónar leggja á borð, diska hnífapör og glös. Þeir hjálpa til við að setja matinn á borðið. Segja hinum börnunum hvað er í matinn og bjóða sínum hópi að setjast við borðið.

Börnin fengu Lubba litla með sér heim eina helgi í vetur. Þau fá hann í hólfið sitt á föstudegi og koma með hann aftur í leikskólann á mánudegi og segja frá helginni sinni með Lubba. Börnin setjast á stól hjá kennara og segja hinum börnunum frá helginni ef þau vilja. Börnin koma líka með smá frásögn á blaði sem kennarinn svo les. Blaðið fer svo í ferilmöppu barnsins. Börnin eru flest orðin mjög örugg með sig í hópnum og sækjast í að koma fram og segja frá.

Tækifæri til úrbóta: Við mættum vera duglegri að bjóða börnunum að standa upp í samveru og segja frá eða syngja. Við viljum líka bæta okkur í að láta börnin meta starfið með broskallakerfi 2x á ári og skrá það niður.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
-Börnin meta starfið á deildinni.	Að börnin meti þætti deildarinnar	Notast við einfalt broskallakerfi	Starfsfólk deildarinnar	Nóv.	Maí	Skráningar starfsfólks á svörum barnanna.	Að öll börn eigi tvær skráningar.
-Framsögn	Að börnin öðlist sterkari sjálfsmynd.	hvetja börnin til að koma fram fyrir aðra t.d. í samverustund með því að segja frá eða syngja	Starfsfólk deildarinnar	Sept.	Júní	Farið yfir á deildarfundum	Að börnin æfist í að koma fram fyrir hóp og verði öruggari í barnahópnum.

3.4 Skáli

Í vetur voru 12 börn í Skála, 6 stelpur og 6 strákar öll fædd árið 2017.

Læsi

Í vetur höfum við verið dugleg að lesa fyrir börnin. Við notum samveruna til að lesa fyrir börnin, syngja og fara í ýmsa orðaleiki. Börnin fara líka í lesstund alla daga, þar er þeim skipt í minni hóp og erum við að lesa sögur sem hæfa hverjum hóp fyrir sig. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin, þær eru í bókahillu þar sem börnin geta nálgast þær þegar þau vilja. Í hverri viku skiptum við um



bækur í bókahillunni okkar, við erum með þrjá bókapakka sem við skiptumst á að nota. Börnin biðja okkur líka um að lesa bækurnar sem þau eru að skoða og gerum við það þegar við getum.

Í vetur höfum við farið einu sinni í mánuði í sögustund á Sólheimasafnið, þar eru lesnar sögur fyrir börnin. Eftir sögustundina fá þau að skoða bækur og leika með leikföng sem eru á safninu.

Börnin á deildinni eiga öll ferilmöppur með verkefnum sem þau hafa gert og ýmsum skráningum. Möppurnar eru mjög aðgengilegar fyrir þau til að skoða og finnst þeim mjög gaman að skoða möppurnar og ræða verkefni sem eru í þeim. Við erum meðvituð um að setja orð á athafnir hjá okkur í öllu daglegu starfi hjá okkur, þar með erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni.

Læsishvetjandi umhverfi: Bók- og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á deildinni sem þau skoða mikið. Við höfum merkt alla leikfangakassa á deildinni okkar. Í vetur merktum við húsgögn og hluti sem eru á deildinni okkar. Ritmálið er því mjög sýnilegt fyrir börnin.

Hringekja: Í upphafi skólaársins fórum við af stað með hringekju ásamt Lundi, Lundur er deild sem er með jafngömum börn og við erum með og eru þessar tvær deildir saman í húsi. Í hringekjunni skiptum við börnunum á þessum 2 deildum í 5 jafnstóra hópa, og blönduðum við barnahópnum þvert á deildir. Í hringekjunni vorum við með málörvun, Lubbastund, fínhyfingar, frjálsan leik og stærðfræði. Hringekjan er einu sinni í viku og eru börnin í 15 mínútur á hverjum stað.



Þetta var fyrsti veturinn sem við vorum með hringekju og gekk hún mjög vel, börnin voru mjög dugleg og áhugasöm um þau verkefni sem fyrir þau voru lögð. Þau biðu spennt eftir þriðjudögum en þá vorum við með hringekju.

Tækifæri til umbóta: Ein af stöðvunum í hringekjunni var Lubba stöð, þar var málhljóð vikunnar lagt fyrir og unnið verkefni tengt því. Starfsmaðurinn sem sá um þá stöð er starfsmaður í Lundi og vorum við í Skála ekki nógu dugleg að halda áfram að vinna með málhljóð vikunnar á okkar deild, það þurfum við að bæta næsta vetur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	-Nýta Lubba meira í daglegu starfi.	-Byrja morgunstundir á því að syngja Lubba lag vikunnar -Rífa upp málhljóð vikunnar í samverustund	Starfsfólk deildarinnar	Sept	júní	Rætt á deildarfundum reglulega yfir skólaárið	Að börnin læri málhljóðin/lögin sem við leggjum fyrir hverju sinni

Útinám

Í vetur höfum við verið að fylgjast með tré í Laugardalnum og sjá það breytast eftir árstíðum. Í upphafi hverrar ferðar lítum við til Esjunnar og heilsum henni. Við förum í gönguferðir um hverfið okkar og í ferðunum erum við að spjalla um það sem fyrir augu okkar ber og finnst okkur börnin læra á umhverfið sitt í þessum ferðum. Við erum heppin að vera í nágrenni við Laugardalinn, þangað förum við oft og



gerum ýmis áhugaverð útinámsverkefni. Eftir hverja ferð er gerð skráning um ferðina sem við hengjum upp þar sem foreldrar geta séð hvað við gerðum hverju sinni.

Í mars bættist við verkefni sem við köllum "Heimilið mitt". Þá förum við í gönguferðir heim til hvers og eins. Hvert barn fær mynd af sér við útidyrhurðina og síðan eina mynd af öllum hópnum. Þau fá líka sjálf að taka 2 myndir ef einhverju við heimili sitt sem þeim þykir áhugavert. Á milli ferða vinnum við síðan verkefni tengd heimilunum. Markmiðið með þessum ferðum er að tengja saman tvo mikilvæga staði í lífi barnsins, leikskólann og heimilið.



Ákveðið var að byrja á þessu verkefni þegar mesti snjórinn væri farinn. Ferðirnar hafa gengið vel og finnst okkur það mikil munur að hafa svo fá börn. Öll heimilisföng með myndum af börnunum eru sett inn á stórt kort af hverfinu sem og myndir af öðrum kennileitum sem þau tengja við. Þetta er mjög sýnilegt í fataklefanum hjá okkur.

Styrkleikar: Útinámið gekk vel hjá okkur í vetur, áætlun okkar stóðst að mestu leyti, það var helst veður og færð sem varð til þess að við fórum ekki í útinám.

Íslenska sem annað mál

Tvítýngdu börnin eru saman í lestrarhóp, og þar er lesið fyrir þau einfaldari bækur en í hefðbundnum samverustundum. Við veljum bækur sem henta þessum börnum, einfaldur texti og ræðum um það sem við höfum verið að lesa. Í lestrarhópnum erum við að kanna skilning þeirra og gera það sem við getum til að auka orðaforða þeirra. Það er mikilvægt að leggja orð á allar athafnir í samskiptum við þessi börn, einföld og skýr skilaboð.

Í tengslum við alþjóðlega móðurmálsdaginn settum við upp myndir af fánum þeirra landa sem börnin á deildinni tilheyra,



einnig kveðjur á þeirra tungumáli. Við settum upp heimskort og völdu öll börnin á deildinni eitt land af kortinu, þau lituðu það og fána landsins og bjuggu til sögu um landið. Við settum „Góðan daginn“ á gólfið á tungumálum barnanna þar sem gengið er inn á deildina.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mínútna reglan	Að festa 10 mínútna regluna í sessi	Gera skráninguna skilvirkari	Starfsfólk deildarinnar	Sept	Júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út.	Að barnið/börnin verði virkari í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst
Lesstundir í minni hópum	Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning.	A Vera með markvissari lesstundir fyrir tvítyngdu börnin	Starfsfólk deildarinnar	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	Aukinn skilningur og orðaforði. -Aukið öryggi í samskiptum og í íslensku umhverfi.

Félagsfærni og sjálfsefning

Í vetur fengu börnin í Skála góðan tíma fyrir frjálsan leik. Börnin gátu valið að leika í 2 herbergjum, annað herbergið köllum við Hreiður, það er lítið gluggalaust herbergi þar sem eru búningar og búdot og þar var hlutverkaleikurinn allsráðandi. Hitt herbergið er mun stærra og þar geta börnin skipt sér á fleiri svæði, mottur á gólfinu og borð fyrir borðvinnu. Allt leikefni er aðgengilegt fyrir börnin og fá þau að velja sjálf það sem þau vilja leika með. Við lögðum áherslu á að þau gengu frá eftir sig þegar leiktíminn væri búinn, einnig ef þau vildu skipta um svæði.

Í vetur skiptust börnin á að vera umsjónarmenn, eina viku í senn og voru þau þá veðurfræðingar og borðþjónar. Hlutverk umsjónarmannanna var að athuga með veðrið í upphafi dags og ákveða hvernig börnin áttu að fara klædd í útiveruna. Að því loknu komu þau í samverustundina og sögðu börnunum hvernig veðrið var og hvernig best sé að klæða sig þann daginn. Fyrir hádegismatinn lögðu borðþjónarnir á borð, hnífapör, diska og glös, einnig settu þau matinn á borðin og tilkynntu svo hinum börnunum hvað væri í matinn. Þetta var mun markvissara hjá okkur í vetur en árið á undan. Börnin lærðu ný orð þegar þau voru veðurfræðingar, og fannst þeim t.d. spennandi að athuga hvort það væri logn, gola, vindur eða rok svo eitthvað sé nefnt.



Í vetur fengu öll börnin Lubba litla heim með sér eina helgi. Þegar þau komu með Lubba aftur í leikskólann þá sögðu þau hinum börnunum frá heimsókninni, sátu á stól fyrir framan hópinn. Einnig gengu þau á milli barnanna og sýndu þeim myndir eða skráninguna sem kom með Lubba að heiman.

Samverustundirnar er góður tími til að leyfa börnunum að koma fram fyrir hópinn, við vorum með ýmsa leiki þar sem þau gerðu það. Börnin eru misjafnlega dugleg að vilja taka þátt, og er þetta gott tækifæri til að styrkja þau í að koma fram.

3.5 Álfaland

Þetta skólaár voru 21 barn fædd 2018 . Kynjahlutföllin voru nokkuð jöfn . Mannabreytingar urðu á miðjum vetri og var það leyst með tímavinnustarfsfólki sem og nýju fólki. i. Deildin lokaði einu sinni kl 16:00 í stað 16:30 og var einungis einu sinni alveg lokað. Áhersla var lögð á að koma á fastri rútínu með barnahópnum ásamt því að vinna að vellíðan barna og starfsfólks á fordæmalausum tímum. En Covid setti óneitanlega svip á þetta skólaárið en þrátt fyrir allt tókst að halda starfinu gangandi að mestu leyti og án þess að þyrfti að grípa til umfangsmikilla lokanna. Deildin lokaði einn dag alveg og eitt skipti kl 16:00 í stað 16:30. Í starfinu voru áherslupættirnir læsi , útinám og íslenska sem annað mál. Íslenska sem annað mál hefði þó mátt vinna betur með og stefnt er á markvissari vinnu með fjöltyngd börn næsta starfsár. Hér fyrir neðan eru þessir þættir útlistaðir nánar.

Hringekja

Þótt megi flokka hringekju með læsi er hér gert sérstaklega grein fyrir henni þar sem hún var sérþáttur á síðustu umbóta áætlun.Við byrjuðum á að hafa hringekju eins og hún hefur áður



verið.. Við vorum með Lubba , málörvun , stærðfræði og hreyfingu það er hringekja 1x í viku og að deildarstjóri fari einn morgun kenni í hringekjunni á hinna deildinni í álmunni. Börnin skiptu um stöð eftir ca. 10 mín. Starfsfólk var með fast verkefni á hverri stöð og sáu um að undirbúa það. Nýjung þetta skólaár á Álfalandi voru markvissar gróf hreyfistundir. Börnunum fannst þetta mjög skemmtilegar stundir. Í síðustu umbótaáætlun

settum við okkur markmið með meiri hreyfingu og skemmtilegri hringekju og það markmið náðist því. En með þessu varð þjálfun í fínhyfingum ekki eins markviss. Mætti hugsa sér að næsta ár væri kannski önnur hvor vika fínhyfingar og hin grófhreyfingar.





Eftir að fyrirkomulagið á hringekjunni var endurmetið var ákveðið að breyta til. Okkur fannst þetta fullmikið fyrir þetta ung börn og vildum hafa meiri tíma með hverjum og einum hóp. Ákveðið að byrja að prófa að hafa hópastarf 4 x í viku og allir starfsmenn voru með hóp en þar sem ekki allir starfsmenn unnu alla daga var þetta smá þúsl og einnig var útinám var 1 x í viku.



Við ákváðum að morgunsamvera og ávaxtastund væri hluti af hringekjunni. Í lok skólaárs voru allir starfsmenn mun sáttari við þetta fyrirkomulag og upplifðu að það væri minna stress í kringum skipulagt starf. Við enduðum þó skólaárið á að hafa hópanna 3 í stað fjögurra. Málörvun og Lubba var samtvinnað og reyndist það fyrirkomulag vel og stefnt er á að halda því áfram.

Tækifæri til úrbóta : Breytingin á hringekjunni var til góðs en eftir að hafa reynt að hafa 4 hópa og endað á að hafa 3 hópa viljum við halda áfram með það.. Við erum með útinám 1 x í viku og það reyndist of mikið stress að fara í hópa áður og svo koma öllum af stað í útinám. Kosturinn við 3 hópa er líka sá að þótt einn starfsmaður sé veikur þá er annar starfsmaður til að fylla í skarðið. Starfið þarf að vera markvissara með áætlun fram í tímann. Við viljum fá börnin meira að borðinu varðandi mat og mætti hugsa sér einfalt og stutt mat frá börnunum eftir hverja stund.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hringekja	Markvissara Starf	Færri hópar Áætlun Mat	-Deildarstjóri -Hópstjórar -Hópstjórar -	Sept Sept Sept	Maí Maí Maí	-Börnum skipt í 3 hópa -Hópstjórar útbúa áætlun fyrir mánuð í senn -Hópstjórar láta Börnin meta með 2 brosköllum	3 hópar fara 3 x í viku í hringekju . Sýnileg mánaðaráætlun Útfyllt matsblöð eftir hvern hóp

Læsi

Við fórum í 12 bókasafnsferðir á skólaárinu alltaf með hálfan hópinn í einu. Það reynist vel að fara með helminginn af börnunum í einu. Bæði börn og starfsfólk hafa gaman af þessum stundum. Eftir sögustund fá börnin að leika sér áður en haldið er mjög heppin að hafa bókasafnið þetta nálægt okkur.



Bókasafnferðir gefa

börnunum tækifæri á að kynnst bókasafninu sem er í nærumhverfi þeirra og tengja það við eitthvað skemmtilegt. Ekki eru allar fjölskyldur sem fara reglulega á bókasafnið og því ekki síst mikilvægt fyrir þau börn að kynnst heimi bókasafna.

Í umbótaáætlun fyrir þetta skólaár settum við okkur markmið um 8 þulur. Á þeim tíma vissum við ekki hvaða aldur við myndum hafa í álmunni. Við vorum með 2018 árganginn þ.e. 3-4 ára börn í stað 4 – 5 ára börn eins og hefð hefur verið fyrir í álmunni. Því var markmiðið kannski full metnaðarfullt en við náðum þó 4 þulur. Einnig var hugmyndin að hafa þemavinnu en það náðist ekki að undirbúa það nægilega vel einnig þarf að huga að útfærslunni innan annars skipulags á leikskólanum. Við ætlum ekki að setja þemavinnu sem umbótaþátt þrátt fyrir að það hafi ekki gengið eftir á síðasta skólaári. Einbeitum okkur að bæta aðra þætti sem ekki gengu alveg nógu vel skólaárið 2021-2022



Við vorum með

hefðbundna morgunsamveru með ávöxtum þar sem farið var yfir skipulag dagsins, sungið og farið með þulu. Þulukennsla varð þó svolítið undir þegar morgunfundir voru færðir inn í hringekjuna Við vorum einnig með umsjónarmenn í haust en það



fór í smá pásu vegna sóttvarnaraðgerða innan skólans. Tókum svo upp þráðinn aftur. Það reynist vel að hafa sömu umsjónarmenn viku í senn.

Við vorum með lestrarstundir í a.m.k. 2 hópum fyrir hádegismatinn. Reyndum að hafa það 3 ef við var komið vegna mönnunar. Eftir hádegismatinn var svo róleg stund fyrir hluta hópsins og liggjandi hvíld fyrir hina. Smá saman hættu allir að sofa og því var róleg stund fyrir alla þar sem var á sögu af spotify. Það gekk mjög vel. Síðdegishressingin var flæðandi og lubbabein notuð til að bjóða börnum að borðinu. Fyrst með stuttri samveru þar sem fyrstu börnunum var boðið að borða síðan buðu börnin hvort öðru með lubbabeinum. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og börnin orðin mjög dugleg í að þekkja lubbatáknin hjá hvert öðru



Öll börnin fengu litla Lubba heim einu sinni yfir skólaárið. Fyrirkomulagið var þannig að börnin fengu Lubba heim yfir helgi. Með fylgdu leiðbeiningar fyrir foreldra og stór lubbabein fyrir foreldra að skrá á hvaða bækur voru lesnar heima. Lubbabeinin voru svo plöstuð og hengd uppá vegg og útbúin var bókaormur með lubbahringjum. Á lubbahringnum var mynd af bókarkápu ásamt

mynd af því hljóði sem bókarheitið byrjaði á. Við munum halda þessu áfram þar sem þetta gekk vel og vakti lukku á meðal barnanna.

Tækifæri til umbóta: Við erum ánægð með að hafa kennt nokkrar þulur en ekki alveg nógu ánægð með að plön skyldu ekki ganga eftir einnig þarf þessi kennsla að fara fram í morgunsamveru sem þarf að vera áður en hringekjan tekur við þar sem farið er yfir daginn, farið yfir þulu og lubbalag vikunnar sungið. Við þurfum að halda betur utan um hvaða lög við ætlum að syngja á hverju tímabili. Lestarstundir þurfa helst að vera í 3 hópum og getuskipt þannig að hægt sé að aðlaga betur lesefni og allir fái notið sín betur. Við náðum ekki að merkja allan húsbúnað á deildinni með út prentuðu heiti á viðkomandi hlut. Það fer því aftur í umbótaáætlun.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustundir	-Markvissari morgunsamv era Meiri söngur	- syngja lubbalag þulukennsla - Söngur sé hluti af hverri samverustund	-Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki Deildarstjóri	Sept Sept	Júní Nóv	-Lubbalögin með textum aðgengileg - Áætlun um hvaða þulur á að kenna kynnt fyrir starfsfólki á deildarfundum söng áætlun fyrir hverja árstíð	- Lubbalag vikunnar sungið í morgunsamveru - þulur settar upp myndrænt söngáætlun út prentuð á deild og starfsfólk þekkir og fylgir henni
	-markvissari lestur	fleiri leshópar	Deildarstjóri	sept	okt	Getuskiptir leshópar	3 leshópar á hverjum degi
Læsishvetjandi umhverfi	Merkja húsbúnað	Prenta út / útbúa Merkingar á húsbúnað	Deildarstjóri	sept	Nóv	-Sýnilegar merkingar á húsbúnaði í lok nóvember	-allt merkt inni á deild með heiti

Útinám

Við fórum í útinám 1 x í viku . það féllu niður nokkur skipti vegna veðurs. Við byrjuðum á að fara í ferðir sem voru mjög nálægt leikskólanum til að venja þau við. Við fórum svo smá saman að fara í Laugardalinn. Við tókum upp kartöflur í haust og allir fengu með sér nýjar kartöflur heim. Markmið með útináminu var aðallega að



geta labbað saman í röð og að kynnast nærumhverfi leikskólans. Við reyndum að tengja aðra þætti námsins inn í útinámið eins t.d stærðfræðina með því að finna form íumhverfinu. Við fórum í 2 lengri ferðir núna í vor . Börnin voru með sinn eigin bakpoka með nesti og vatnsbrúsa í . Þær ferðir gengu mjög vel. Það þarf þó að skoða hvort hægt sé að fara í þannig ferð á næsta skólaári þar sem hluti hópsins verður 3 ára 2023. Ekki varð úr sameiginlegri útinámsáætlun á milli deildanna í álmunnu aðallega vegna þess að það var töluverður getumunur á hópunum og

einnig vegna sóttvarnaraðgerða. Þessi þáttur fer þó ekki inn í umbótaáætlun þar sem hóparnir á þessum tveimur deildum verða einnig mjög ólíkir næsta skólaár. Ekki varð mikið úr endurvinnsluferðum með börnunum sá þáttur fer því aftur í umbótaáætlun.

Tækifæri til úrbóta : Efling á umhverfisvitund með ferðum umsjónarmanna með pappír og plast í endurvinnslutunnur leikskólans. Búa til útinámsáætlun í samræmi við aldur barnanna fyrir eina önn í senn.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Efla umhverfisvitund	Börnin aðstoða við að tæma endurvinnsludalla deildarinnar	Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki	Sept	Júní	umsjónarmenn aðstoða að fara með pappír og plast	Pappír og plast tæmt vikulega með umsjónarmönnum um vikunnar
	Markvisst útinám	Skrifleg áætlun	Deildarstjóri	sept	des	Skráningar úr ferðum ásamt því að fara yfir áætlun mánaðarlega á deildarfundum	Í lok annar sé búð að fylgja útinámsáætlun

Íslenska sem annað mál

Í síðustu umbótáætlun settum við inn að innleiða Einn leikskóli mörg tungumál en svo var ákveðið að hætta að nota það á leikskólanum og í stað á að innleiða hæfnirammanna. Við



fórum með sum börn út af deildinni í málörvunarstundir misjafnt var hvort börnin voru tekin eitt út eða með öðrum. Í málörvunarstundum var orðaforði kannaður, lesnar bækur, spilað ofl allt eftir um hvaða barn var að ræða og hver áherslan var. Það mætti bæta utanumhald um þessar stundir t.d. með betri skráningum og að allt starfsfólk sé

meðvitað um mikilvægi þessarar vinnu og skilji þörfina Við viljum sjá framfarir í skilningi og

orðaförða og því þarf málörvun vera hluti af skipulagi deildar Allt starfsfólk á að geta tekið þátt. Skráningar eru mikilvægar til að sjá hvað er gert og sjá framfarir

Tækifæri til úrbóta: Reglulegar málörvunarstundir sem eru settar inni í dagsskipulag deildar Til þess að geta fylgst með tíðni stunda og hvað er gert er nauðsynlegt að hafa skráningar á málörvunarstundum með börnum sem þurfa á auka íslensku kennslu. Leikskólinn á eyðublöð fyrir þetta sem er hægt að notast við.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjöltýngd börn	Markviss vinna -	reglulegar málörvunar- stundir	Deildarstjóri ásamt starfsfólki s	Sept	Júní	- stundir settar í dagsskipulag - skráning á tíðni og innihaldi stunda -	-starfsfólk fer eftir dagsskipulaginu - Út fyllt skráningarblöð

10 mín reglan

Við vorum með 10 mínútna regluna í síðustu umbótaáætlun undir íslenska sem annað mál. En 10 mínútna reglan er samt ekki einskorðuð við fjöltýngd börn. Sum börn þurfa meiri athygli og hvatningu. Börn sem ekki tjá sig mikið þurfa að fá hvatningu til þess og þar kemur 10 mínútna reglan sterk inn. Því miður vorum við ekki nógu dugleg að skrá notkun á 10 mínútna reglunni þótt að auðvitað hafi farið fram heilmikil óformleg málörvun á deildinni Við hefðum þurft að nýta deildarfundi betur í að kortleggja barnahópin. Það er nauðsynlegt að barnahópurinn sé kortlagður til að meta hvar þörfin er mest hverju sinni



Tækifæri til umbóta: Kortlagning á börnum á deildarfundum og hvar þörfin liggur. Skráningar eru nauðsynlegar til að halda utan um verkefnið.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mín reglan	-kortlagning - skráningar	starfsfólk kortleggur hópin á deildarfundum Starfsfólk skrár	Deildarstjóri ásamt starfsfólki Deildarstjóri ásamt starfsfólki	Sept	Júní	-notast er við leiðbeiningar um kortlagningu í gefðu 10. -notast er við skráningarblöð sem leikskólinn á	-kortlagning framkvæmd am.k 1 x fyrir áramót og 1x eftir áramót -útfyllt skráningarblöð

Skapandi starf

Skapandi starf var ekki sér þáttur í síðustu umbótaáætlun en okkur finnst halla á skapandi starf á deildinni. Okkur vantar að hafa meiri úrvinnslu eftir útinámið og almennt meiri sköpun á deildinni. Þótt auðvitað hafi farið fram einhver sköpun þá mætti vera skipulag á hvað á að gera hvenær. Hefð er fyrir að öll börn máli jólasveina og páskaunga á hverju ári og það gekk vel. Eins var einhver úrvinnsla eftir útinámið og svo eitthvað um aðra sköpun inn á milli. Einnig þarf að ræða þennan þátt í leikskólastarfi betur við óreynt fólk. Sköpunin vill stundum vera fullmikið fyrir fram mótuð og börnin fá því ekki tækifæri á að nýta sína eigin sköpunargáfu eins best er á kosið.



Tækifæri til umbóta: Úrvinnsla úr útinámi þarf að vera á dagsskipulagi og framkvæmd á ábyrgð allra en ekki bara deildarstjóra hægt er að setja hana í samhengi við áætlun og finna hugmyndir af hvað er hægt að gera. Í upphafi skólaárs þarf að fara yfir hvaða föstu þættir eru á hverju ári eins og t.d mála jólasveina og páskaunga og hvað meir viljum við að börnin skapi og hvernig er það gert. Gott er ef allir starfsmenn komi að þessari umræðu þannig að allir séu á sömu bls. og hjálpist að við framkvæmdina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	-úrvinnsla úr útinám - markvissari sköpun -	-Úrvinnsla á dagsskipulagi -áætlun	Deildarstjóri ásamt starfsfólki Deildarstjóri ásamt starfsfólki	Sept sept	Fbe febr	--úrvinnsla framkvæmd af börnum -áætlun búin til á deildarfundum -	-úrvinnsla eftir hvert útinám fer í ferilmöppur - -áætlun fyrir haust tilbúin í september --áætlun fyrir vorönn tilbúin á febrúar

3.6 Undraland

Skólaárið 2021-2022 voru 19 börn fædd árið 2018 á Undralandi fyrir áramót og 17 börn eftir áramót.

Vert er að taka fram að börnin á Undralandi voru árinu yngri en gert var ráð fyrir við gerð umbótaráætlunar fyrir skólaárið 2021-2022 og hafði þar af leiðandi í einhverjum tilfellum þau áhrif að erfitt var að taka mið af upphaflegu umbótarpáttunum að öllu leiti.

Útinám

Ætlunin var að fara með öll börn í útinám einu sinni í viku en þegar hópurinn byrjaði á Undralandi haustið 2021 kom í ljós að börnin höfðu ekki mikla reynslu af útinámi. Var þá tekin ákvörðun um að fyrstu vikurnar færu í að kenna börnunum að ganga í röð og fylgja fyrirmælum í útinámi. Hópnum var skipt í tvennt og fóru börnin aðra hvora viku í útinám fyrst um sinn. Eftir að börnin höfðu náð tökum að því að ganga saman í hóp voru hóparnir sameinaðir og öll börn fóru í útinám einu sinni í viku eftir það. Það kom þá nokkrum sinnum fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna óviðráðanlegra aðstæðna (covid -19 – mannekla – veðurviðvaranir).



Markmiðið með útináminu var að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnst nærumhverfi leikskólans ásamt því að tengja útinámið við starfið á deildinni og var það gert að ýmsu leiti. Meðal annars var unnið með formin, tölustafi, tölugildi, lesnar sögur og farið í ýmsa leiki. Við nýttum ýmsa hluti úr náttúrunni og fórum með stækkunargler á róló þar sem börnin fóru í könnunarleiðangur í leit af sniglum, köngulóm, blómum. Farið var í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, heimsóknir í garðinn á Holtaborg, í göngutúra um hverfið ásamt því að ýmis svæði í

nágrenni leikskólans voru nýtt. Seinasta útinámsferðin var í fjölskyldu- og húsdýragarðinn með Álfalandi þar sem voru grillaðar pylsur í hádeginu.

Í útináminu var lögð áhersla á að öll innlögn væri skemmtileg og færi fram í gegnum leikinn. Reglulega voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar. Einnig var skipulagið lagt til hliðar og börnin fengu tækifæri til þess að njóta sín alfarið í frjálsum leik.



Tækifæri til úrbóta: Ekki tókst að vinna markvisst með alla þá þætti sem voru settir fram í umbótaráætlun vorið 2021. Ekki var gerð samræmd áætlun fyrir báðar deildir vegna útináms og ekki var unnið með að efla umhverfisvitund barnanna á skipulagðan hátt.

Það hefði mátt leggja meiri áherslu á að tengja útinámið á markvissari hátt við þá vinnu sem er unnin á deildunum sem snýr að Lubba. Einnig voru börnin ekki með í ákvörðunartöku við skipulag á útináminu sem er vissulega eitthvað sem má bæta. Umbótaþættirnir fyrir næsta skólaár verða því að tengja betur útinám við daglegt starf, sérstaklega Lubba, ásamt því að virkja þátttöku barna þegar kemur að skipulagningu útinámsins.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Tengja útinám við daglegt starf	Skipuleggja útinámið á markvissari hátt út frá áherslum leikskólans. Tengja Lubba við útinámið.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. Mánaðarlegar skráningar og úrvinnsla úr útinámi.	Lubbi er tekinn með í útinámið einu sinni í mánuði og er útinámið þá tengt við það sem er að gerast í starfinu á deildinni hverju sinni.
	Virkja þátttöku barnanna þegar kemur að skipulagningu.	Að börnin öðlist færni í að tjá eigin skoðanir og finni að þeirra skoðun geti haft áhrif.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Vetur 2022	Vor 2023	Ræða við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað þau vilji gera. Útbúa matsblað eða matskerfi innan leikskólans sem hægt er að nýta í þeim tilgangi að veita börnum á öllum aldri tækifæri til þess að taka þátt í því að meta starfið.	Við skipulagningu er tekið tillit til sjónarmiða barnanna og hvar þeirra áhugasvið liggur. Einu sinni í mánuði fá börnin að hafa áhrif á það sem gert í útináminu.

Læsi

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, þ.e. málskilning, tjáningu, orðaforða og hljóðkerfisvitund, það að börnin verði læs á umhverfi sitt, efla jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í öllu daglegu starfi.



Eftir morgunmat er morgunfundu þar sem allir setjast niður, farið er yfir daginn út frá sjónrænu skipulagi og barnahópurinn fær ávexti. Rætt er við börnin um hvernig veðrið er úti og hvernig sé best að klæða sig fyrir útiveru miðað við veður og aðstæður. Það var hlutverk veðurfræðinganna /borðþjóna að upplýsa hin börnin hvernig þau eigi að klæða sig fyrir útiveru og aftur fyrir hádegismatinn og þá um hvað sé í matinn.

Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var meðal annars lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina. Einnig voru lesnar bækur, sagðar loðtöflu sögur, ýmis lög sungin og farið með vísur. Oft var farið í ýmsa leiki sem reyna á athygli barnanna, YOGA og slökunaræfingar, fyrirmælaæfingar, spurningaleikir með bolta, unnið með afstöðuhugtökin, bókstafina, tölustafina, tölugildin o.m.fl.



Lesið var fyrir öll börn á hverjum degi og var það undantekning ef svo var ekki. Í haust þegar meiri hluti deildarinnar fór hvíld í hádeginu reyndist erfitt að finna fastan tíma fyrir lesstundir. Eftir áramót var hvíldin lögð niður og voru lesstundir þá festar niður strax eftir hádegismatinn.

Öll börn á Undralandi fengu Lubba heim í heimsókn í tvær nætur yfir helgi. Foreldrar voru beðnir um að skrifa stutta frásögn með barninu og eftir heimsóknina sagði barnið jafnöldrum sínum á deildinni frá því sem það gerði með Lubba þann tíma sem hann var í heimsókn. Markmiðið með frásögninni er að börnin æfi sig í að standa frammi fyrir hóp, þjálfa virka hlustun og deili með vinum sínum einhverju sem tengist lífi þeirra utan leikskólans.

Einn af umbótarþáttunum var að kenna börnunum nýja söngtexta og níu þulur. Þar sem börnin voru ári yngri en gert var ráð var ákveðið að leggja inn fimm þulur í staðinn og gekk það ágætlega.

Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi. Einnig voru málbeinin hans Lubba nýtt í kaffitímanum og að lokum voru máhljóðin og tákn allra barnanna á deildinni sýnileg.

Tækifæri til úrbóta: Heilt yfir gekk vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Það sem má þó gera betur er að gera Lubba sýnilegri í öllu starfi, ekki bara í hringekjunni. Ætlunin var hafa Lubba samveru einu sinni í viku þar sem lag og texti úr bókinni Lubbi finnur málbein er lesið, farið yfir orðin sem tengdust máhljóðinu og klöppuð atkvæði ásamt táknrænum hreyfingum fyrir máhljóðið en það stóðst sjaldan. Einnig var ætlunin að leggja áherslu á að syngja lagið sem tilheyrir máhljóði vikunnar á hverjum morgunfundi sem má einnig bæta. Ákveðið hefur verið að setja Lubba inn í umbótaráætlun fyrir skólaárið 2022-2023 og vinna markvissara með hann inni á deild ásamt því að halda áfram að bæta læsishvetjandi umhverfi inni á deild.

UMBÓTARÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Gera Lubba sýnilegri í öllu daglegu starfi	Lubbalag vikunnar sungið í morgunsamveru á hverjum degi. Fastar Lubba-samverustundir einu sinni í viku þar sem máhljóð vikunnar er ríft upp, lagið sungið o.fl. Að allir starfsmenn deildarinnar þekki táknin sem tengja máhljóðin og geti tekið að sér samverustundir og morgunfundi	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Máhljóð vikunnar er hengt upp á vegg hverju sinni. Lubbi verður fastur liður á morgunfundum á hverjum degi. Lubba samverustund einu sinni í viku.
	Læsisshvetjandi umhverfi	Bæta læsisshvetjandi umhverfi á deildinni, t.d. með því að hafa ritmál sýnilegra	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Að allt sem er hægt að merkja sé merkt á bæði ritmáli og myndrænt.

		og merkja leikföng og hluti á deildinni.					
--	--	--	--	--	--	--	--

Íslenska sem annað mál

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum.

Það voru gerðar ýmsar tilraunir til þess að lesa daglega fyrir öll börn með íslensku sem annað mál í litlum hópum. Eftir áramót var ákveðið að hluti af starfsfólkinu tæki að sér málörvun fyrir þennan hóp tvisvar til fjórum sinnum í viku sem gekk eftir að mestu. Málörvunin fór fram út frá þörfum hvers barns en yfirleitt var lesin einföld bók í hverri stund og oft spiluð spil. Einnig var markvisst unnið með orðaforða, skilning, tjáningu og setningamyndun út frá einstaklingsnámskrá þeirra barna sem hún hafði verið útbúin fyrir.

Starfsmenn deildarinnar reyndu að vera meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum.

Tækifæri til úrbóta: Mikilvægt er að halda úti skráningar yfir þann tíma sem börn með íslensku með annað mál fá í málörvun og hvað sé verið að gera með þeim í málörvunarstundum. Það að halda utan um þessar stundir með þar til gerðum skráningarblöðum eykur líkurnar á að starfsmenn öðlist betri yfirsýn yfir það hvar börn sem eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku eru stödd í málþroska, staðsetja þau ásamt því að halda utan um framfarir. Einnig verður auðveldar að finna út úr því hvað þurfi að leggja áherslu á hverju sinni og fleiri starfsmenn deildarinnar geti tekið þátt í málörvuninni á markvissari hátt.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál	Markvissari málörvun fyrir börn með íslensku sem annað mál	Halda úti skráningar yfir þann tíma sem börn með íslensku með annað mál fá í málörvun og hvað sé verið að gera með þeim í málörvunarst undum.	Deildar- stjóri og annað starfsfólk deildarin nar	Haust 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. TRAS skráningablöð nýtt á 6 mánaða fresti til þess að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.	Að börn með íslensku sem annað má fari í málörvun 2-4x í viku. Að starfsmenn öðlist yfirsýn yfir það hvar börn eru stödd í málþroska, hafi getu til þess að staðsetja þau ásamt því að halda utan um framfarir þeirra.



						Önnur skráningarblöð frá sérkennslustjóra.	Unnið eftir einstaklings námskrá þeirra barna sem hana hafa og farið yfir markmiðin reglulega
--	--	--	--	--	--	--	---

Hringekja

Í upphafi skólaárs fór hringekjan fram á sama hátt og á seinasta ári, s.s. barnahópnum skipt í fjóra hópa og á fjórar stöðvar. Lagt var upp með að hver starfsmaður sæi um þann þátt í hringekjunni sem hann var sterkastur í og sáu deildarstjórar í álmunni um Lubba og málörvun á báðum deildum.

Þegar Covid-19 gekk yfir og tekið var fyrir samgang á milli deilda voru gerðar breytingar á hringekjunni á þann hátt að

barnahópnum var skipt niður á þrjár stöðvar innan deildarinnar. Einn

starfsmaður sá um stærðfræði, annars um fín- og grófhreyfingar og deildarstjóri um Lubba og málörvun. Í fyrstu var hringekjan einu sinni í viku og börnin fóru á allar stöðvarnar á einum degi en svo var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu á hringekjunni í þeim tilgangi að veita börnunum meiri tími á hverri stöð. Í staðinn fyrir að taka alla hringekjuna á einum degi einu sinni í viku var ákveðið því að hver hópur færi á eina stöð á dag

þrjá daga vikunnar. Á einni stöð var unnið með málörvun og bókina Lubbi finnur málbein. Ætlunin var að taka hvert málhljóð fyrir í tvær vikur í senn en vegna óviðráðanlegra aðstæðna breyttist það og tekið var fyrir eitt málhljóð á viku til þess að það myndi nást að fara yfir öll hljóðin á skólaárinu. Í þessum stundum voru börnin til dæmis að æfa sig að tengja



saman hljóðin, læra táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð og fara yfir ýmis orð og/eða myndir sem tengjast máhljóðunum. Hverju máhljóði fylgir bæði texti og lagi sem var farið yfir, lesið og sungið í hverri stund. Einnig var lagt mikið upp úr því að vinna með hljóðkerfisvitundina, til dæmis með því að ríma, klappa atkvæði, finna fyrsta staf í orðum, o.fl. Á annarri stöð var stærðfræði þar var spilað og lögð áhersla á grunninn eins og tölurnar, tölugildin, einföldustu formin, litina o.fl. Á þriðju stöðinni voru grófhreyfingar og fínhreyfingar. Þar sem það vantaði nokkuð upp á færni hjá hópnum í að klippa og teikna fóru margar stundir í að leyfa börnunum að æfa sig á því sviði ásamt því að æfa samhæfingu með skemmtilegum æfingum. Þessar stundir voru stundum nýttar í úrvinnslu í útinám eða önnur verkefni þar sem börnin höfðu gott rými til þess að ljúka við verkefnin á eigin hraða.

Tækifæri til úrbóta: Hringekjan gekk almennt vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið á hringekjunni. Í þeim tilfellum sem ekki náðist að vera með hringekjuna þrisvar sinnum í viku var hringekjan eins og fyrra fyrirkomulagið var, þ.e. þrjár stöðvar á einum degi, en þá með rýmri tíma en áður. Mögulegt væri að gera hringekjuna markvissari ef skipulagið væri ákveðið meira fyrir fram og aðgengilegt öllum inni á deild. Hægt væri að skipuleggja hringekjuna einn til tvo mánuði fram í tímann og þá út frá þeim markmiðum sem eru ákveðin hverju sinni. Það myndi auðvelda öðrum starfsmönnum á deildinni að taka við og halda áfram með skipulagið ef þessi þyrfti.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hringekja	Útfæra skipulag fyrir hringekjuna út frá markmiðum / þemu sem eru ákveðin hverju sinni	Að þeir starfsmenn sem sjá um stöð í hringekjunni skipuleggi það sem gert er í hringekjunni 1-2 mánuði fram í tímann.	Deildarstjóri og sá starfsmaður sem sér um viðkomandi þátt í hringekjunni	Haust 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. Ný markmið / þemu ákveðin á eins til tveggja mánaða fresti	Að aðrir starfsmenn deildarinnar geti leyst af í hringekjunni gerist þess þörf og hafi þá upplýsingar um hvað sé næst á skipulaginu.

10 mín reglan

Tækifæri til úrbóta: Einn af umbótarþáttum seinasta skólaárs var að innleiða 10 mín regluna á markvissan hátt sem hefur gengið erfiðlega. Vissulega er eitthvað talað við öll börn á

deildinni en þau börn sem sækja frekar í starfsmenn fá oftár málörvun en þau börn sem halda sig til hlés og sækja sjaldnar í samskipti við starfsfólk. Þar af leiðandi er mikilvægt að ákveða það fyrir fram hvaða börn eigi að vinna með hverju sinni og vert að hafa í huga að ekki aðeins börn með íslensku sem annað mál græða á 10mín reglunni. Einnig skiptir máli að starfsmenn haldi utan um það með þar til gerðum skráningarblöðum í þeim tilgangi að 10mín reglan verði markvissari og engin börn sem þurfa virkilega á meiri samskiptum að halda gleymist ekki.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mín reglan	Vinna markvisst með 10 mín regluna.	Að starfsmenn noti skráningarblöð til að skrá niður þegar þeir nota 10 mín regluna -Starfsmenn sitji með börnum í leik	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Ákveðið fyrir fram hvaða börn eigi að vinna með hverju sinni og halda utan um það með skráningum Skráning stendur yfir í tvær vikur fyrir hvert barn TRAS skráningablöð nýtt

3.7 Bláaland

Á Bláalandi eru 17 börn. Níu stelpur og átta strákar. Öll fædd á fyrstu fimm mánuðum ársins 2019. Deildin var ekki með deildarstjóra í þónokkurn tíma en nýr var ráðinn frá 1. apríl. Matið er því frá 1. apríl

Læsi

Fastar lesstundir eru tvær á dag. Í samverustund á morgnana og svo skiptum við þeim eftir getu í tvo hópa eftir hádegismat. Hóparnir tveir eru komnir mislangt í þroska og áhuga á að hlusta. Annar hópurinn les 1-2 stuttar bækur á meðan hinn les margar bækur og



getur setið mun lengur og hlustað.

Bækur eru mjög aðgengilegar á deildinni og við skiptum þeim út reglulega. Við förum í bókasafnið



mánaðarlega og tökum nýjar bækur og lesum þær bækur oft í föstu lesstundunum. Einnig er börnunum velkomið að koma með bækur að heiman og þá lesum við þær bækur. Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum og í daglegu

starfi. Við höfum lært nýja vísu og söngva mánaðarlega og notum hádegissamveruna til að læra þetta. Vísurnar og lögin tengjast árstíðinni eða hverjum mánuði fyrir sig. Læsi tengist öllu starfi á deildinni. Við setum orð á allar athafnir og reynum að auka orðaforða með spjalli og kennslu alla daga.

Lubbi finnur málbeinið er mikið notaður í kennslu á læsi. Lubbi hefur gengið vel og við erum alltaf að kenna honum fleiri og fleiri íslensk málhljóð. Við syngjum vísuna með málhljóði vikunnar



og lærum táknið í morgunsamveru. Einu sinni í viku skoðum við kassa með hlutum eða myndum sem tengd eru málhljóði vikunnar. Sérstök Lubbastund er einu sinni í viku í hringekju. Þar er farið yfir málhljóð hvers barns, bókin skoðuð og farið yfir myndirnar.



Hringekjan fór af stað í apríl. Þar eru fjórar stöðvar. Lubbi, málörvun, fínhyfingar og stærðfræði. Hringekjan er einu sinni í viku og eru börnin í 10 mínútur á hverri stöð. Hringekjan gekk vel að öllu leyti.

Tækifæri til umbóta: Nota Lubba meira í daglegu starfi. Hafa málbeinin sýnileg í kennslustofu, nota þau til merkja skúffur og hirslur barna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	-Nýta Lubba meira í daglegu starfi.	-Hafa málbeinin sýnilegri t.d. á veggjum og skúffum barna. - Nota málbeinin í kaffitímanum til að kenna börnunum fljótt máhljóð allra barnanna á deildinni.	Allt starfsfólk deildarinnar -Allir á deildinni leggi sig fram við að sýna góð samskipti.	Sept	Júní	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má bæta	Börnin læri sitt hjóð og annara barna.

Útinám

Farið er í útinám einu sinni í viku. Við höfum skoðað fuglana í hverfinu og unnið með fuglahljóðin í framhaldinu. Heimsótt Sólheimaróló og þar völdum við okkur tré til að fylgjast með. Við náðum að skoða það í vetrarbúningi og svo fulllaufgað. Við höfum lagt áherslu á að nota skilningarvitin í útinámi. Hlustað á vindinn og



fuglana, lyktað af grasinu og lafunum. Komið við og fundið mismunandi áferðir náttúrunnar. Úthald barnanna hefur aukist og með auknu úthaldi verður útinámið skemmtilegra.



Tækifæri til úrbóta: Útinámið náði ekki á þessum tíma að verða markvisst. Í upphafi hefði þurft að fara af stað með ákveðin þemu og vinna markvissara með þau.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þemu	-Ákveða þemu til að vinna með yfir veturinn. -Ákveða fyrirfram hvernig úrvinnsla útináms fer fram. -	-Velja tré til að fylgjast með í upphafi vetrar. -Hafa fastan tíma í dagskrá fyrir úrvinnslu útináms.	-Deildarstjóri eða sá starfsmaður sem er í útinámsteyminu.	Sept	Júní	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má bæta.	Börnin þekki þau þemu sem eru í gangi og geti tekið þátt.

Íslenska sem annað mál

Við erum með eitt erlent barn. Barninu gengur vel að læra íslensku og hefur tekið miklum framförum í vetur. Barnið fær málörvun í gegnum lesstundir við sitt hæfi. Við erum dugleg að nota myndir til skýringa. Erum meðvitaðar um að setja orð á alla hluti og athafnir. Tölum skýrt og hægt og endurtökum á réttan hátt. Við notum 10 mínútna regluna en mættum bæta okkur við að muna að skrásetja.

Tillögur að úrbótum: Nota markvissari aðferðir til að kenna íslensku. Taka börnin markvissar í málörvun einslega. Nota 10 mín. regluna og skrásetja vel.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	-Nota marvissar aðferðir til að kenna og mæla árangur. -	- Taka börnin daglega í málörvun í 15.mín. og skrásetja. -Nota 10. mín. reglu og skrásetja.	Deildarstjóri	Sept	Júní	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má bæta.	Barnið sýni öryggi í hópnum og auki við sig orðaforða og málskilning.

3.8 Gulaland

Á þessu námsári voru sextán börn á Gulalandi öll fædd árið 2019. Á deildinni voru fimm stelpur og ellefu strákar. Seinustu tvo mánuði fyrir sumarfrí bættust síðan við þrjár stelpur og voru börnin þá orðin nítján.

Læsi

Á Gulalandi vinnum við með Málhljóð Lubba. Tekin var ákvörðun í byrjun hausts að allar yngri deildirnar myndu byrja á sama tíma með hvert málhljóð og að hvert málhljóð var tekið fyrir í tvær vikur. Lubbi var nýttur í samverstundum á morgnanna þar sem lögin voru sungin með hreyfingunum og Lubbi bangsinn mætti í heimsókn ásamt hvolpunum sínum. Einnig voru nöfn barnanna með þeirra málhljóði sýnileg upp á vegg og skúffurnar þeirra merkt með Lubba beinum.



Á morgnanna er börnunum skipt niður í fjóra hópa þar sem þau fá gæða málörvun með starfsmanni sem endar á sögustund. Fyrir jól voru hópastundirnar nýttar meira í að aðlaga börnin og hjálpa þeim að líða vel og vera örugg á deildinni og læra þær félagslegu reglur sem þau þurfa að kunna. Eftir jól voru síðan hópastundirnar nýttar meira í að æfa fín og grófhreyfingar með því til dæmis að klippa, líma og lita, púsla, þræða og leira.

Á deildinni eru síðan alltaf bækur í þeirra hæð sem eru aðgengilegar fyrir þau. Þau sækjast mikið í að skoða bækurnar og eru þær lesnar ef þau biðja um það. Þau fá síðan sögustund eftir hópastundirnar í litlum hópum.

Styrkleikar: Þar sem börnin á Gulalandi eru mjög ung erum við mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi hjá okkur og endurtaka það sem þau eru að segja við okkur. Þannig erum við góðar málstyrkir fyrir börnin á deildinni og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn. Helstu styrkleikar við það eru þeir að öll börn fá málörvun allan daginn þrátt fyrir að það detti stundum út hópastund eða lestur. Kosturinn við að skipta þeim í minni hópa alla daga er sá að hvert og eitt barn fær aukinn tíma með kennaranum og þau fá tækifæri til þess að læra í rólegu umhverfi

Það gekk mjög vel í vetur og heilt yfir erum við mjög ánægðar. Við náðum að syngja öll þau málhljóð sem við höfðum ætlað okkur.

Tækifæri til umbóta: Það sem hefði mátt betur fara er að syngja oftar gömlu Lubba vísurnar til þess að viðhalda þekkingunni og því mun það fara í umbótaráætlunina.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Hafa áfram hvert Lubba málhljóð í tvær vikur en taka einu sinni í viku Lubba stund með viðhaldi á eldri málhljóðum.	Skiptast á að syngja ljóðin við málhljóðið í söngstund alla vikuna og hafa hin lög in í viðhaldi út námsárið.	Allir á deild en deildarstjóri býr til skipulag um viðhald.	Sept. 2022	Maí 2023	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Börnin læri Lubba vísurnar og hreyfinguna sem fylgir með.

Útinám

Reynt var að fara í útinám einu sinni í viku en veðrið hafði stundum áhrif og farið var þegar veður leyfði. Meginmarkmið útinámsins eru fjölpætt en fyrst og fremst er það til þess að efla umhverfisvitund barnanna og tengja leikskólastarfið við grenndarsamfélagið. Einnig til þess að styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu og að gefa börnunum tækifæri til að tengjast náttúrunni svo þau rækti með sér væntumþykju og skilning á henni.



Þar sem þau eru langflest að stíga sýn fyrstu skref í leikskólum á þessum aldri voru markmiðin fyrst og fremst að læra að labba í hóp og auka þol þeirra í göngutúrum.

Í leikskólanum Langholti er hefð fyrir því í útináminu að læra um árstíðirnar í gegnum tré og fylgjast með laufblöðunum breytast eftir árstíðum. Gulalands tréð er staðsett fyrir framan

Langholtskirkju en síðan þegar þau verða eldri færast tréð nær Laugardalnum.

Samþætting námsviða er mjög mikilvæg og er útinámið tilvalið til þess. Á Gulalandi er útinámið einnig nýtt í ýmsa kennslu eins og til dæmis á



náttúruna og hvað er hægt að nýta hana í ýmsa hluti og einnig var tekið fyrir að æfa hugrekki og þor barnanna með því að sigrast á ótta við dreka og læra að klifra.

Síðan vinna börnin verkefni í tengslum við útinámið eins og að rækta fræ, mála myndir af trénu eftir árstíðum og lesum sögur um hugrakka krakka. Þannig tengjum við námið úti við það starf sem er unnið inni.



Styrkleikar: Með því að tengja vinnuna inná deild við það sem þau

eru að læra úti eru börnin að leggja undirstöðu fyrir komandi auknar kröfur um úrvinnslu útinámsins og eru að taka sýn fyrstu skref í að víkka þekkingu sína út fyrir kennslustofuna. Það gekk vel þegar við fórum í útnám en næsta vetur væri góð hugmynd að skipta hópnum í tvennt og jafnvel fara þá tvisvar í viku. Einnig væri gaman að reyna að fara stuttar ferðir þrátt fyrir vont veður.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Skipta börnunum í tvo hópa og fara tvisvar í viku. Reyna að fara styttri ferðir í vondu veðri.	Skipuleggja útinámið betur og hafa fasta Útináms hópa.	Allir á deildinni en deildarstjóri finnur manneskju í útináms teymi.	Sept. 2022	Maí 2023	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Börnin verði von útveru og læri fyrr að ganga í hóp.

Íslenska sem annað mál

Á deildinni voru nokkur börn frá erlendum uppruna og börn með tvö eða fleiri heimatungumál. Notað var myndrænt skipulag sem hengt var um hálsinn til þess að sýna þeim sjónrænt hvað væri að fara að gerast. Starfmennirnir voru síðan virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin.

Styrkleikar: Með því að nota lyklakippurnar skilja börnin fyrr hvað er í gangi þar sem mörg þeirra hafa engan eða lítinn skilning í upphafi annar. Síðan með því að skipta þeim í minni hópa og lesa fyrir þau er hægt að auka orðaforða þeirra. Mikilvægasta er síðan að setja orð á allt og tala við þau í þessum klassísku umönnunar aðstæðum sem einkennir starf yngstu barnanna.



Tækifæri til umbóta: Það sem hefði mátt betur fara var að allir starfsmenn myndu nota hálsmeninn alltaf og á hverjum degi og það hefði verið sniðugt að innleiða betur 10 mínútu regluna og fylgja henni eftir með skráningum.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nota myndrænt skipulag	Með því að nota myndirnar um hálsinn er hægt að bregðast hratt við skilningsleysi og óöryggi barnanna.	Búa til fleiri myndakippur og láta þær vera skylda. Einnig hægt að búa til kippur til þess að hafa á belt fyrir starfsmenn sem vilja ekki um hálsinn.	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fylgi eftir.	Sept. 2022	Mái 2023	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Stytttri grátur hjá börnunum og að þau læri fyrr á dagskipulagið og líði þar að leiðandi betur.

Frjáls leikur

Frjálsi leikurinn er aðal námsleið barnanna og er mjög mikilvægur fyrir börn sem eru að stíga sýn fyrstu skref í leikskóla. Það sem Gulaland lagði mesta áherslu á í vetur var að kenna börnunum hvernig eigi að nota efniviðinn og sitja hjá þeim í leiknum til þess að þeim líði vel og verði örugg. Leikefnið var í þeirra hæð og merkt með myndum þannig þau sáu hvað var í boði. Börn á þessum



aldri þurfa jákvæðar fyrirmyndir í leiknum og þess vegna mikilvægt að starfsmenn séu í þeirra hæð tilbúnir til þess að grípa inn í ef árekstrar í samskipum og leik eiga sér stað.

Endurmat á starfi vetrarins: Við erum mjög ánægðar með veturinn þrátt fyrir erfiðan covid og veikinda tíma frá áramótum og fram í mars. Einnig var deildarstjóri mikið frá vegna skóla en samt tókum við eftir miklum framförum hjá börnunum. Þegar börnin byrjuðu fyrst voru sum



þeirra óörugg og skyldu litið vegna tungumála erfiðleika en eftir jól var andrúmsloftið mun betra og það greinilega borgaði sig að leggja áherslu á vellíðan barnanna.

Að skipta hópnum upp á morgnanna er mjög mikilvægt til þess að öll börn fái að njóta sín ein með starfsmanni. Einnig lögðu við mikla áherslu á sjálfshjálp og þá aðalega í fataklefanum og matartímanum og sást það greinilega í lok annar. Útivera spilaði stóran þátt í okkar starfi og var nánast undantekningalaust farið út á morgnanna og síðan þegar veðrið varð betra var farið tvisvar á dag. Börnunum fór mikið fram í fín og grófhreyfingum og orðaforði aukist til muna.



Markmiðin fyrir næsta skólaár er að halda áfram með þessa þróun og hópaskiptingu en að auka notkun myndatákna auk þess að skrá betur og halda utan um 10 mín. regluna.

Foreldraviðtölin komu mjög vel út og voru allir foreldrar mjög ánægðir með starf deildarinnar.

3.9 Rauðaland

Á Rauðalandi í vetur voru 13 börn, 7 börn fædd 2019 (6 stelpur og 1 strákur) og 6 fædd 2020 (3 stelpur og 3 strákar).

Læsi/Málörvun

Læsi/málörvun er hluti af öllu daglegu starfi hjá okkur og við nýtum öll tækifæri t.d. í leik, við matarborðið, á skiptitímum og í fataklefanum. Við erum mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir og endurtaka rétt það sem börnin eru að segja. Þannig erum við góðar málfyrirmyndir og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn.

Strax í haust kynntumst við öll Lubba enda er hann alltaf inni á deild og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja. Við tókum hvert málhljóð fyrir í tvær vikur í senn og hefur það gengið mjög vel. Það hangir svo alltaf uppi í fataklefanum hvaða málhljóð við erum með hverju sinni og hvaða lag er sungið auk þess sem við sendum þær upplýsingar til foreldra svo hægt sé að vinna með það heima líka.



Við skiptum hópnum í tvennt í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag. Við nýtum samverustundirnar í að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Við förum líka yfir það hvað þau eru gömul, hvenær þau eiga afmæli og hvað mamma, pabbi og systkini heita.

Annars erum við að lesa og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga. Allar samverustundir byrja á því að fara yfir málhljóðið og syngja Lubbalagið. Við erum með bækur og lagalista sem er sérstaklega ætlaður fyrir samverustundir og gott að grípa í aukalega þegar tækifæri gefst yfir daginn.

Við höfum líka verið með leshópa/málörvunarhópa en þá skiptum við hópnum eftir getu og förum í lestrarstund, förum yfir Lubba og lesum bækur auk þess sem við erum með auka málörvunarstundir fyrir þau sem þess þurfa.



Lubbahringirnir og lubbabeinin hanga uppi á vegg og allir stólar eru merktir með lubbabeinum. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg og ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar fyrir þau svo þau geta náð í þær sjálf og skoðað eins og þau vilja.

Tákn með tali

Við byrjuðum að vinna aðeins með tákn með tali þar sem nokkur börn í hópnum þurftu á því að halda. Inni á deild hengdum við upp tákn fyrir það sem tengist daglegu starfi og í fataklefanum hengdum við upp tákn sem tengjast útiveru og fatnaði. Í upphafi vorum við með eitt tákn vikunnar en fórum svo úr því yfir í að vera með fimm tákn fyrir 2 vikur og því rúllaði það eins



og Lubbamálhljóðin á tveggja vikna fresti. Það hangir svo uppi í fataklefanum hvaða tákn við erum að vinna með hverju sinni og foreldrar fengu táknin send svo hægt væri að vinna með það heima líka.

Tækifæri til úrbóta: Við ætluðum að vera dugleg að kenna börnunum þulur og rím en gerðum það ekki svo við stefnum á að bæta úr því og vera með lagalista og þulu fyrir hvern mánuð.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þulur og rím	Kenna einfaldar þulur og rím	Að skipuleggja þulur, rím og lagalista fyrir hvern mánuð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið.	Út veturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar	Aukinn skilningur og orðaforði.

Hópastarf/Frjáls leikur/Vinnustundir



Í haust vorum við með hópastarf þrisvar í viku þar sem við skiptum okkur niður í 3 hópa. Hópastarfið var hugsað sem einhverskonar rammi utan um frjálsa leikinn þar sem við nýttum okkur 3 rými deildarinnar og lékum okkur saman hvort sem það var að kubba, leika

með búddótið, mála/föndra eða bara það sem vakti áhugann hverju sinni í því rými. Við erum alltaf til staðar í leik barnanna til að taka þátt, leiðbeina og aðstoða í frjálsa leiknum. Í gegnum frjálsa leikinn eflast þau í félagsfærni og þar fer líka fram heilmikil málörvun.



Eftir áramót fórum við að bæta við vinnustundum en þá skiptum við hópnum eftir getu og áhuga og unnum eftir því. Í þeim stundum vorum við t.d. að vinna með stærðfræði, liti og form með því að spila saman.

Tækifæri til úrbóta: Við stefnum á að standa okkur betur í skráningum á starfinu. Því sem við erum að gera, markmið og leiðir og hvernig gengur, bæði fyrir hópinn í heild og svo einstaklingsskráningar fyrir þau sem þurfa.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Að skráningar verði fastur liður í starfinu.	Að útbúa stöðluð skráningarblöð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum	Þegar aðlögun er lokið.	Út veturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar	Að við eigum skilvirkar skráningar eftir veturinn.

Útivera/Útinám

Við förum daglega í útiveru og þá pössum við upp á að það séu fáir í einu í fataklefanum. Við gefum okkur góðan tíma og hvetjum börnin til að æfa sig í að klæða sig í og úr og að ganga frá fötunum í hólfið sitt þegar þau koma inn.



Stefnan var svo að fara smám saman út fyrir

leikskólalóðina í stuttar gönguferðir. Þar sem börnin hjá okkur voru að stíga sín fyrstu skref í leikskólanum og sum jafnvel ekki farin að labba eru markmiðin fyrst og fremst að þau öðlist öryggi hjá okkur og læri svo að fara út fyrir

leikskólalóðina, labba saman í hóp og auka þol þeirra í gönguferðum.

Tækifæri til úrbóta: Við förum ekki nema í nokkur skipti í gönguferðir og ýmislegt sem gerði það að verkum en við gerðum skráningu og hengdum upp frammi fyrir foreldra að sjá. Með vorinu förum við svo að fara reglulega og leika í garðinum Sunnumegin. Gönguferðirnar okkar þurfa bara að vera stuttar en við verðum að skipuleggja þær betur og ætla okkur ekki of mikið.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að útinám verði fastur liður í starfinu. Að börnin njóti sín í útiveru í allskonar veðri og þekki sitt nærumhverfi.	Skipuleggja útinámið fyrir fram	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið.	Út veturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar.	Aukinn áhugi og úthald í útinámi og útiveru.

Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á alla hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar). Við reynum að vera skýr í tali, endurtökum á réttan hátt og gefum einföld og skýr fyrirmæli. Höfum líka verið með auka málörvunarstundir.



Í fataklefanum eru fáanar landanna uppi og kveðjur á þeirra tungumáli, við gætum samt haft það sýnilegt einhversstaðar inni á deild líka.

Tækifæri til úrbóta: Höfum ekki verið nógu dugleg að vinna markvisst með 10 mínútna regluna og þurfum að bæta úr því. Við erum meðvituð um hana en höfum ekki náð að festa hana í sessi og skrá niður og eins þurfum við að nýta okkur Einn leikskóli, mörg tungumál.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mínútna reglan	Að festa 10 mínútna regluna í sessi	Gera skráninguna skilvirkra	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt Starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum	Þegar aðlögun er lokið.	Út veturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út	Að öll börn njóti sín og skilji það sem fram fer. Verði ófeimin við að tjá sig. Að öryggi þeirra og málþroski aukist

Sjálfs hjálp

Við erum stöðugt að hvetja börnin áfram til að gera sjálf og til þess þarf að leyfa þeim að prófa. Við erum til staðar og aðstoðum, hvetjum þau áfram og hrósum þeim fyrir „litlu“ sigrana. Þau fá góðan tíma til að reyna sjálf t.d. að klæða sig í og úr í fataklefanum og ganga frá í hólfið sitt og þau læra líka smám saman að ganga sjálf frá eftir matinn.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Fyrir þau börn sem voru í 1. flokki í vetur voru starfsmenn ráðnir sérstaklega til að hafa yfirumsjón með sérkennslu þeirra. Á yngstu deildinni var einn starfsmaður sem hafði yfirumsjón með tveimur börnum í fyrsta flokki. Vinnan fór mest fram inni á deildum barnanna en einnig fengu þau einstaklingskennslu þegar það átti við. Farið var með börn í þjálfun utan skóla í samstarfi við foreldra. Þau börn sem voru búin að fara í frumgreiningu á Þjónustumiðstöð (2. flokkur) og verið vísað áfram á Ráðgjafarstöð fengu úthlutað fjármagn sem fór í að ráða starfsmann til að sinna sérkennslu þeirra. Fyrir þau börn sem fengu fjármagn var aukið við stöðugildi litilega á deildunum þeirra og deildarstjóri var í forsvari fyrir því að vinna eftir markmiðum einstaklingsnámskrár. Einstaklingskennsla var skráð að einhverju leiti og haldið utan um framfarir með einstaklingsnámskrá. Efla hefði mátt skráningar á málörvunarstundu á öllum deildum. Einstaklingsnámskrár voru fyrir þau börn sem voru með sérstaka aðkomu. Efla hefði mátt þátttöku deildarstjóra í námskrárgerðinni og einnig að kynna betur fyrir deildarstarfsfólki hvaða markmið eru í vinnslu sem og hvernig best er að vinna að þeim.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Skráð var í TRAS fyrir öll börnin í leikskólanum og hljóM-2 er lagt fyrir elstu börnin. Fyrir þau börn sem þurfa sérstaka aðkomu vegna gruns um frávík í mál-eða almennum þroska voru notuð skimunartækin EFI-2, AEPS I, AEPS II og málhljóðamælirinn. Einnig voru foreldrar fengnir til að skrá í Íslenska þroskalistann. Sérkennslustjóri kynnti skráningarblöð fyrir málörvunarstundir sem fara fram á deildum til að samræma og auðvelda skráningu fyrir hvert barn. Illa gekk þó að fylgja því eftir að allir skráðu stundir inni á öllum deildum. Ekki nýttu sér allir skráningarblöðin. Sérkennslustjórinn fór á námskeið í Íslenska málhljóðamælinum vorið 2022.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Notað var efni úr smíðju Lubba sem finnur málbein. Einnig spil frá Orchard og Nathan. Keypt voru leikföng og púsl frá ABC Skólavörum til að vinna með fínhyfingar. Sérkennslustjóri endurskýrði möppu á almenna svæðinu í tölvunum sem ber núna heitið Íhlutun og inngrip. Þar inni má finna skráningarblöð fyrir ýmsa þjálfun, fræðsluefni og kennslugögn. Vel gekk að hafa námsefni aðgengilegt fyrir alla. Sérkennslustjóri



	kynnti efni fyrir þeim starfsmönnum sem sinntu málörvun og hvatti fólk til að nýta efnið og skila reglulega. Sérkennslustjóri útbjó kippur með myndrænu dagskipulagi á fyrir starfsmenn til að hafa um hálsinn. Myndirnar voru ætlaðar að nýta í að fylgja eftir töluðu máli og efla málskilning. Starfsfólk var hvatt til að nýta myndir einnig með börnum sem áttu erfitt með athygli og einbeitingu. Ekki voru allir að nýta sér kippurnar en þar sem þær voru notaðar komu þær sér vel. Unnið var með PECS á grunnstigi á nokkrum deildum en einn sérkennari fór á námskeið í PECS á vordögum. Einn sérkennari fór á námskeið í TMT í haust og var ein deild sem lagði það inn af krafti.
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lausnateymi	Stofna Lausnateymi sem fer yfir mál sem koma upp á deildum vegna barns eða barnahóps. Í teyminu sitja deildarstjórar, sérkennslustjóri, leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi.	Tvö teymi í sitthvoru húsinu og fara yfir mál sem deildarstjórar vilja aukna aðkomu að. Skilað er skriflegri beiðni til teymisins sem er farið yfir. Hittast reglulega/mánað arlega eða hálfmánaðarlega.	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Sept '22 Ákveða þarf fastan fundar tíma strax um haustið og halda sér við hann.	Mai '22	Tekið fyrir á fagfundum með deildarstjórum um mitt skólaár og svo aftur að voru.	Fundir haldist reglulega og nýttir vel.
Sérkennsluteymi	Stofan sérkennsluteymi sem hefur yfirumsjón með allri sérkennslu í leikskólanum. Haldin er fundargerð eftir hvern fund.	Allir sem vinna í sérkennslu ásamt sérkennslustjóra vinnur saman að því að skipuleggja og halda utan um sérkennslu í leikskólanum. Unnið er í samvinnu við deildarstjóra hvar og hvenær mesta þörfin er á aðstoð	Sérkennslustjóri	Ákveða þarf fundartíma strax í sept og halda við hann allan veturinn.	Vor 2023	Farið er yfir fundargerðir reglulega til að kanna árangur. Er vinnan að skila sér inn á deildir. Farið yfir á stjórnendateymisfundum.	Fundir haldist reglulega og nýttir vel.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru gögn á borð við púsl og flokkunarspil. Einnig voru keypt hálsbönd og festingar til að búa til myndakippur fyrir kennara til að hafa um hálsinn og styðja við tungumálið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsmenn leikskólans eru meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja orð á allar athafnir. Áhersla hefur verið lögð á í skipta börnum upp í litla hópa frekar en að hafa þau öll í einu rými að leika. Með því skapast meiri næði fyrir leik og kennarar geta frekar nýtt stað og stund til að leggja inn orðaforða. Búið er að leggja inn Gefðu 10 og ætti það að vera í notkun á öllum deildum. Efla þarf umræðu um Gefðu 10 innan leikskólans, hvernig á að nýta það sem best og hvernig við sem leikskóli viljum og ætlum að nota það. Skerpa þarf á skráningu og markmiðum. Sérkennslustjóri útbjó myndakippur með dagskipulaginu fyrir starfsfólk til að hafa um hálsinn til að styðjast við fyrirmæli til barna með slakan skilning í íslensku. Sumar deildir hafa nýtt sér þetta með góðum árangri.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á flestum deildum fá fjöltyngd börn málörvunarstundir, annað hvort eitt barn í einu eða með fleirum. Það er ýmist deildarstjóri eða almennir starfsmenn sem sinna þessum málörvunarstundum. Sérkennslustjóri útbjó einfalt skráningarblað fyrir deildir til að halda utan um málörvunarstundir, til að hægt væri að sjá hvernær og hversu oft börnin fá málörvun. Ekki eru allar deildir að skrá málörvun þegar hún er. Mikið er lagt upp úr því að lesa fyrir öll börn í Langholti einu sinni á dag. Ýmist er lesið einslega fyrir börn eða fyrir hóp. Fer eftir aldri og skilningi.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notaður var AEPS listinn til að fylgjast með framförum einstaka fjöltyngdra barna í íslensku og gerð einstaklingsnámskrá. Ekki hefur náðst í vetur finna sameiginlegan flöt í skráningum á framförum allra fjöltyngdra barna í leikskólanum í íslensku. Ætlunin var að búa til teymi sem setti tóninn í þeirri vinnu. Búið var að finna fólk í það en teymið náði ekki saman.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Haft er ávallt í huga að hvert barn sé þátttakandi í starfi leikskólans. Börnunum er mætt þar sem þau eru stödd í íslensku og verkefni aðlöguð að getu hvers og eins með það í huga að byggja ofan á grunninn.



Umbótaáætlun –fjölgengi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Teymi um skráningu og vinnu með fjölgengdum börnum.	Teymi sem finnur leið til að halda utan um skráningu á orðaforða og framförum barna í íslensku.	Teymi hittist reglulega og útbýr verkferla og skráning sem allar deildir munu koma til með að nýta í vinnu með börnum sem þurfa styrk í íslensku.	Teymisstjóri leikskólastjóri	Ákveða þarf fundartíma strax að hausti og halda við hann allan veturinn.		Tekið fyrir á fagfundi	Að komin er sameiginleg niðurstaða um notkun skráningarblaða til að meta framför barna í íslensku.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í lok mars byrjun apríl. Lagt var upp með að hafa þau sem létt spjall milli starfsmanns og leikskólastjóra. Aðal áherslan var lögð á líðan í starfi og framtíðarsýn á áframhaldandi starf innan leikskólans. Unnið var úr þeim þegar hugað var að röðun á deildar fyrir næsta skólaár.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Börnin sem eru í Leikskólanum Langholti skiptast á milli tveggja skóla Langholtsskóla og Vogaskóla. Staðsetning heimila í hverfinu stýrir því hvor skólinn er valinn.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

8 Foreldrasamvinna

Hér er starfandi foreldrafélag og sitja foreldrar úr stjórn þess einnig í foreldraráði.



Við funduðum ekki mjög reglulega síðasta vetur. Það eru virk samskipti inni á Facebook síðu stjórnar og hefur reynst vel að nýta hana í skipulag. Foreldrafélagið hefur tekið þátt í kostnaði við sumarhátíð og útskrift elstu barnanna.

Næsta haust verður kosið í nýtt foreldraráð. Leikskólastjóri boðar til fyrsta fundar og foreldraráð setur sér starfsreglur fyrir veturinn.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar fyrir veturinn 2022- 2023

Fyrir áramót	Eftir áramót
22. ágúst	30. janúar með grunnskóla
7. október	17. mars með grunnskóla
25. nóvember- með grunnskóla	19. maí

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 Leikskóladagatal Langholts

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2022 – 2023
Leikskólans Langholts

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Hrefna Stefánsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er vel unnin og gefur góða yfirsýn yfir það starf sem unnið er í leikskólanum. Einnig er þar lagt heiðarlegt mat á það sem má bæta og áætlun um það gerð til næsta skólaárs. Skjalið nýtist einnig foreldrum sem vilja kynna sér hvaða starf fer fram á hverju aldurstigi. Starfsáætlunin gagnast bæði starfsfólki í faglegu starfi sem og foreldrum sem vilja fá innsýn í starfið.